

Efnisyfirlit - Ársrit RHS v. starfsemi 2002

Stjórnir og/eða formenn aðildarfélaganna RHS 2002	2
Stofnun, skipulag og starfsmenn Ráðunautaþjónustunnar.....	3
Skýrsla stjórnar v. starfsemi 2002.....	6
Skýrslur starfsmanna	
– Gunnar Ríkharðsson	7
– Svanborg Einarsdóttir.....	10
– Anna Margrét Jónsdóttir.....	11
– Guðný Helga Björnsdóttir.....	13
– Guðbjartur Guðmundsson	15
– Brynjólfur Sæmundsson	16
Starfsemi í einstökum búgreinum 2002	
– Sauðfjárræktin – Svanborg Einarsdóttir.....	18
– Nautgriparræktin – Guðný Helga Björnsdóttir.....	24
– Hrossarræktin - Gunnar Ríkharðsson	28
– Jarðrækt og landnýting - Anna Margrét Jónsdóttir.....	30
Niðurstöður heysýna 2002	33
Fjöldi búfjár á svæði RHS.....	34
Fundargerð aðalfundar RHS 3. des 2002.....	36
Fundargerð aðalfundar RHS 12. nóv 2003	41
Reikningar RHS 2002	47
Fundargerðir aðalfunda Búnaðarsambandanna 2002	
– Búnaðarsamband A-Hún	52
– Búnaðarsamband V-Hún	57
– Búnaðarsamband Strandamanna	62
Fundargerðir aðalfunda Búnaðarsambandanna 2003	
– Búnaðarsamband A-Hún	65
– Búnaðarsamband V-Hún	68
– Búnaðarsamband Strandamanna	73
Samþykktir Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda - 1. jan 2002	76
Samkomulag milli Búnaðarsambanda í A-Hún, V-Hún og á Ströndum við stofnun RHS.....	79

Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda

Stofnuð 15. ágúst 2001

Stjórnir og/eða formenn aðildarféлага RHS 2002

Stjórn RHS:

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður
Rafn Benediktsson, Staðarbakka, gjaldkeri
Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, ritari

Endurskoðendur RHS

Ólafur B. Óskarsson, Víðidalstungu
Stefán Á. Jónsson, Kagaðarhóli

Stjórnir Búnaðarsambanda á svæði RHS

Búnaðarsamband A-Húnavatnssýslu

Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli, formaður
Birgir Líndal Ingbórsson, Uppsölum
Gauti Jónsson, Hvammi

Búnaðarsamband V-Húnavatnssýslu

Rafn Benediktsson, Staðarbakka, formaður
Sigurður Björnsson, Kolugili
Kristján Ísfeld, Jaðri

Búnaðarsamband Strandamanna

Jóhann Ragnarsson, Laxárdal, formaður
Rögnvaldur Gíslason, Gröf
Kristbjörg Lóa Árnadóttir, Skjaldfönn

Formenn búgreinafélaga á svæði RHS

Félag sauðfjárbænda í A-Hún: Jóhanna Pálmadóttir, Akri
Félag sauðfjárbænda í V-Hún: Eggert Pálsson, Bjargshóli
Félag sauðfjárbænda á Ströndum: Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Félag kúabænda í A-Hún: Birgir L. Ingbórsson, Uppsölum
Nautgriparæktarfélag V-Hún: Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Samtök hrossabænda í A-Hún, Björn Magnússon, Hólabaki
Hrossaræktarsamtök V-Hún: Ingi H. Bjarnason, Neðri-Svertingsstöðum

Ráðunautar:

Brynjólfrur Sæmundsson
Guðbjartur Guðmundsson
Gunnar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri
Guðný Helga Björnsdóttir
Svanborg Þ. Einaradóttir
Anna Margrét Jónsdóttir

Stofnun, skipulag og starfsmenn Ráðunautaþjónustunnar

Á árinu 2001 samþykktu félagsmenn í Búnaðarsambandi Strandamanna, Búnaðarsambandi Vestur Húnavetninga og Búnaðarsambandi Austur Húnavetninga að stofna félag um sameiginlega leiðbeiningaþjónustu á starfssvæðum sínum. Í apríl var gert samkomulag milli aðila um hvernig málið skyldi undirbúið og framkvæmt og er það samkomulag birt annars staðar í þessu riti. Stofnfundur var síðan haldinn í ágúst og hlaut félagið nafnið "Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda" (RHS) og tók formlega til starfa 1. janúar 2002.

Helstu markmiðin með stofnun félagsins voru annars vegar að ná fram sparnaði í rekstri og hins vegar að bæta faglega þjónustu m.a. með því að auka sérhæfingu starfsmanna en stofnsamþykktir eru birtar aftur í þessu riti.

Í stofnsamþykktum segir m.a.: "Ráðunautaþjónustan annast leiðbeiningaþjónustu og faglega fræðslu í þágu landbúnaðar í Húnavatnssýslum og Strandasýslu með því m.a.:

- Að ráða héraðsráðunauta og fagraðunauta er hafa á hendi leiðbeiningar í búfjárrækt, jarðrækt, hag- og rekstrarfræði í samræmi við ákvæði búnaðarlaga.
- Að starfrækja starfsstöðvar á Hólmavík, Hvammstanga og Blönduósi og þar séu starfsmenn til viðtals og þjónustu við bændur á fyrirfram ákveðnum tímum.
- Að vinna að öðrum þeim verkefnum sem aðalfundur samtakanna ákveður hverju sinni, enda samrýmast þau verkefni ákvæðum búnaðarlaga og geta stuðlað að betri og hagkvæmari búrekstri á starfssvæði samtakanna.
- Umfang Ráðunautaþjónustunnar í hverri búgrein taki mið af skiptingu búnaðargjalds milli búgreina."

Um aðalfund segir m.a. í samþykktum :

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Ráðunautaþjónustunnar og hann skal halda ekki síðar en 15. júlí ár hvert. Fulltrúar á aðalfundi eru stjórnarmenn Búnaðarsambandanna og formenn Búgreinafélaga á svæðinu, alls 16 fulltrúar. Á aðalfundum Ráðunautaþjónustunnar skulu starfa nefndir sem skipaðar séu fulltrúum helstu búgreina á starfssvæðinu og hafa þar það hlutverk að móta tillögur um tilhögun leiðbeininga í hverri búgrein milli aðalfunda.

Tekjur Ráðunautaþjónustunnar skulu vera :

- a. Búnaðargjald.
- b. Framlög samkvæmt búnaðarlögum og samningi við Bændasamtökin þar um.
- c. Þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá
- d. Framlög og styrkir frá opinberum sjóðum og stofnunum, svo og frá öðrum aðilum.

Þannig er ljóst að samþykktir félagsins eiga að tryggja að búgreinafélögin á svæðinu hafi bein stefnumótandi áhrif á starfsemi þess í einstökum búgreinum og einnig að hver búgrein fái þjónustu a.m.k. í einhverju samræmi við þá fjármuni sem greinin leggur til félagsins í gegnum búnaðargjaldið. Miðað við framleiðslu árið 2001 komu um 55% af búnaðargjaldinu frá sauðfjárræktinni, um 39% frá nautgriparækt og rúm 3% frá hrossarækt.

Starfssvæði Ráðunautaþjónustunnar nær utan frá Skaga, vestur um og norður í Árneshrepp á Ströndum en vegalengd milli þessara staða er um 350 km. Á svæðinu eru um 335 bú þar af eru um 85 með mjólkurkúr og um 295 með sauðfé. Á síðustu árum hafa tekjur búnaðarsambandanna á svæðinu farið minnkandi m.a. vegna minnkandi búfjárframleiðslu og ljóst er að í rekstri hins nýja félags þarf að gæta ýtrasta aðhalds. Með stærra þjónustusvæði þarf því að leggja mikla áherslu á að skipuleggja vel tíma og ferðir ráðunauta og nota síma og tölvutækni sem mest. Ólíklegt er að félagið geti um sinn nýtt þá möguleika sem felast í einni sterkri miðstöð á svæðinu vegna landfræðilegra aðstæðna, hugsanlegt er þó að leita meiri nálægðar við aðra starfsemi t.d. atvinnuþróun, skógrækt ofl. Það hefur sýnt sig á öðrum svæðum að mikilvægt er að koma upp öflugum faglegu starfsumhverfi og spurning hvaða möguleika við höfum á því t.d. á Hvammstanga og Blönduósi.

Ljóst er þó að heimsóknir til bænda, persónuleg ráðgjöf og traust milli bónda og ráðunauts er sá grunnur sem byggja þarf á hér eftir sem hingað til.

STARFSMENN OG STJÓRNENDUR

Í samþykktum Ráðunautaþjónustunnar segir að formenn búnaðarsambandanna á svæðinu séu sjálfkjörnir í stjórn hennar. Núverandi formaður stjórnar er Jón Gíslason á Stóra Búrfelli en aðrir í stjórn eru Rafn Benediktsson á Staðarbakka og Jóhann Ragnarsson í Laxárdal. Þá voru sex starfsmenn ráðnir til starfa í 3,35 stöðugildi. Aðeins tveir starfsmenn eru í fullu starfi en fjórir í hlutastarfi, en starfsstöðvar eru þrjár þ.e. á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík og leigir félagið þá aðstöðu sem búnaðarsamböndin höfðu áður. Eins og glögggt má sjá af starfsmannalistanum er jafnræðis gætt hvað varðar kynjahlutföll hjá þessu félagi.

Brynjólfur Sæmundsson frá Kletti í Gufudalssveit f. 1934. Hann útskrifaðist sem búfræðikandidat frá Hvanneyri 1957 og hefur starfað hjá Búnaðarsambandi Strandamanna frá 1959. Brynjólfur reyndi fyrir sér sem loðdýrabóndi á níunda áratugnum en eins og fleiri á hann lítið eftir úr þeim búskap nema góðar minningar og nokkrar skuldir. Hann býr á Hólmavík ásamt Erlu Þorgeirsdóttur konu sinni og hefur starfsaðstöðu þar. Brynjólfur er í um 50% vinnu hjá Ráðunautaþjónustunni og starfssvæði hans verður aðallega Strandasýslan eins og verið hefur síðustu fjóra áratugina eða svo og haustvinnan í sauðfjárræktinni mun taka stóran hluta af hans vinnuframlagi.

Guðbjartur Guðmundsson er frá Kvígindisfelli í Tálknafirði f. 1937 Hann útskrifaðist sem búfræðikandidat frá Hvanneyri 1965 og hefur starfað hjá Búnaðarsambandi A-Hún frá þeim tíma. Kona hans er Margrét Ásmundsdóttir og búa þau á Blönduósi. Guðbjartur hefur starfsaðstöðu á Blönduósi og verður í um 35% vinnu hjá Ráðunautaþjónustunni. Hann mun m.a. sjá um skýrsluhald í nautgripærkt á svæðinu en stór hluti af vinnuframlagi hans verður í sauðfjárræktinni að haustinu.

Gunnar Rikharðsson er Reykvíkingur f. 1956. Hann útskrifaðist sem búfræðikandidat frá Hvanneyri 1981 og lauk framhaldsnámi í fóðurfræði jörturdýra í Bandaríkjunum 1988. Hann hefur m.a. starfað sem héraðsráðunautur í S-Þing., sem fóðurfræðingur hjá Fóðurböndunni og sem tilraunastjóri á tilraunabúinu að Stóra Ármóti í Flóa. Frá árinu 1995 hefur Gunnar verið í hlutastarfi á Rala samhliða því að reka hrossa og ferðaþjónustubú að Þingeyrum í A-Hún ásamt konu sinni, Helgu Thoroddsen. Gunnar mun fyrst um sinn a.m.k vera í um 25% vinnu sem framkvæmdastjóri hjá Ráðunautaþjónustunni, hafa starfsaðstöðu á Blönduósi og bera

ábyrgð á fjárhagslegum og faglegum rekstri félagsins. Hann mun einnig hafa yfirumsjón með þjónustu gagnvart hrossarækt á svæðinu en einnig koma eitthvað að leiðbeiningum í nautgriparækt.

Svanborg Einarsdóttir er frá Lambeyrum í Dalasýslu f. 1968. Hún útskrifaðist sem búfræðikandidat frá Hvanneyri 1997 og hóf þá störf hjá Búnaðarsambandi Skagafjarðar en frá 1999 hefur hún verið hjá Búnaðarsambandi V-Hún. Hún býr nú með sauðfé og hross á Gillastöðum í Dalasýslu ásamt maka sínum Jóni Ægissyni. Svanborg er í fullu starfi hjá Ráðunautaþjónustunni og hefur starfsaðstöðu á Hvammstanga og hefur m.a. yfirumsjón með sauðfjárræktinni á öllu svæðinu.

Guðný Helga Björnsdóttir er frá Bessastöðum í V-Hún f. 1969 og býr þar nú með nautgripi og hross ásamt maka sínum Jóhanni B. Magnússyni. Hún útskrifaðist sem búfræðikandidat frá Hvanneyri 1995 og hefur síðan þá verið í hlutastarfi hjá Búnaðarsambandi V-Hún. Guðný Helga mun verða í um 25% starfi hjá Ráðunautaþjónustunni og hafa m.a. yfirumsjón með nautgriparæktinni á svæðinu. Hún hefur starfsaðstöðu á Hvammstanga.

Anna Margrét Jónsdóttir er frá Sölvabakka í A-Hún f. 1976. Hún útskrifaðist sem búfræðikandidat frá Hvanneyri 2001 og hóf þá störf hjá Búnaðarsambandi A-Hún. Hún býr í foreldrahúsum ásamt unnusta sínum Sævari Sigurðssyni. Anna Margrét er í fullu starfi hjá Ráðunautaþjónustunni og hefur starfsaðstöðu á Blönduósi og hefur m.a. yfirumsjón með jarðrækt og landnýtingu á öllu svæðinu. Hún mun einnig sinna verkefnum fyrir Landgræðslu ríkissins.

Skýrsla stjórnar RHS 2002-2003

Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda hefur nú verið starfrækt í nær tvö ár og því er tilefni til að meta hvort þessi sameining leiðbeiningaþjónustu við Húnaflóa hefur náð þeim tilgangi sem lagt var upp með og hvort fjárhagslegur grundvöllur er fyrir rekstrinum á þessu formi. Ávinningurinn sem menn töldu sig hafa af þessari breytingu var í stórum dráttum sá að brjóta upp tiltölulega einangrað starfsumhverfi einyrkja ráðunauta og fá fram með því faglegra starfsumhverfi og sérhæfðari og þar með faglegri leiðbeiningaþjónustu. Þrátt fyrir þetta var hugmyndin að starfrækja þjónustu á öllum þrem búnaðarsambands svæðunum áfram og færa því ekki þjónustuna fjær bændunum en áður var. Breytingin fólst því fyrst og fremst í einum framkvæmdastjóra, einum fjárhag og einni yfirstjórn. Gjaldtaka fyrir þjónustu hefur verið samræmd á öllu svæðinu og reynt hefur verið að gera starfsmenn að einum samstilltum hóp sem þjónusta svæðið sameiginlega. Fjárhagslegur grundvöllur virðist vera fyrir rekstrinum með þessu fyrirkomulagi en framlag Framleiðnisjóðs til kaupa á tölvu og tækjabúnaði á árinu 2002 hjálpaði mikið til við að undirbyggja þetta nýja rekstrarform á leiðbeiningaþjónustu við Húnaflóa.

Það sem við erum að gera öðruvísi en sumir aðrir sem reka ráðunautaþjónustu yfir stór svæði eins og t.d. Sunnlendingar og Vestlendingar er að halda úti 3 starfsstöðvum og dreifa þeim fáu starfsmönnum sem við höfum á þær sem að sjálfsögðu vinnur gegn sérhæfingu starfsmanna og þar með möguleikum á sérhæfðri þjónustu við bændur. Ég sagði það á aðalfundi í fyrra að það væri kostur við okkar aðstæður að vera með ráðunauta í hlutastarfi, það stækkar vissulega hópinn, en reynslan sýnir okkur að til þess að starfsmaður í hlutastarfi nýtist vel, þarf hlutastarfið frekar að felast í því að vinna fulla vinnu ákveðna álagstíma ársins og miðast þá við einhver ákveðin verkefni á álagstímum svo sem lambaskoðanir og ýmis árstíðarbundin verkefni frekar en að starfið dreifist á allt árið. Það getur þó helst gengið með framkvæmdarstjórnann sem þarf að sjálfsögðu að fylgjast stöðugt með, þó hann sé ekki í fullu starfi.

Svanborg og Guðný Helga hafa báðar verið í fæðingarorlofi á árinu 2003 og Brynjólfur átt við veikindi að stríða þannig að við höfum verið dálítið vanmönnuð að undanförunu. Brynjólfur mun ekki koma aftur til starfa og hefur stjórnin því verið að skoða hvernig Strandamönnum verði þjónað í framhaldinu. Haustvertíðin var leyst með því að ráða mann í um einn mánuð og var það Kristján Jónsson búfræðikandidat og starfsmaður Skjólskóga á Vestfjörðum sem fenginn var til aðstoðar.

Stjórnin hefur nú falið framkvæmdastjóra að horfa eftir starfsmanni í fullt starf í nautgriparækt og rekstrarleiðbeiningum en þar höfum við aukna tekjumöguleika ef við sinnum þeim verkefnum betur en verið hefur. Hugmyndin er að nýr starfsmaður komi til starfa á næsta ári þó ef til vill ekki fyrr en næsta vor. Hugmyndin er einnig að starfsstöð Strandamanna færist þá frá Hólmavík að Borðeyri og Svanborg hafi sína aðalstarfsaðstöðu þar. Leita verður formlega eftir lagabreytingu á næsta aðalfundi RHS um þessa breytingu þar sem í samþykktum þjónustunnar er tekið fram að starfsemi skuli vera á Hólmavík.

Af nýjum verkefnum má nefna að Ráðunautaþjónustan hefur tekið að sér búfjárefirlit í Húnavatnssýslunum báðum en það tel ég að styrki starfsemi okkar og hef þá skoðun að skynsamlegt væri að við sinntum þessu verkefni á öllu svæðinu.

Ritað í árslok 2003 - Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli

Gunnar Ríkharðsson
Framkvæmdastjóri

Starfsskýrsla 2002

Stjórnun og umsýsla

Á árinu 2002 var ég því sem næst í 25% vinnu og komst því ekki yfir mikið meira en að halda hlutunum gangandi ef svo má segja. Ég hef séð um bókhald félagsins og á þessu fyrsta ári fór mikill tími í að koma upp nýju skráningarkerfi (DK-búbót) og aðlaga það að okkar þörfum, senda út reikninga fyrir veitta þjónustu, greiða laun og það sem þeim tilheyrir o.s.frv..

Eðlilegt er að þegar nýtt fyrirtæki tekur til starfa taki það nokkurn tíma að skipuleggja starfsemina. Ýmis störf hafa fram að þessu verið framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á hinum einstöku búnaðarsambandsvæðum en við höfum reynt eins og hægt er að samræma það svo allir sitji við sama borð. Starfssvæðið er nokkuð stórt og því á margan hátt dálítið erfitt í stjórnun. Markmiðin með sameiningu leiðbeiningaþjónustunnar á svæðinu voru að auka sérhæfingu starfsmanna og auka hagkvæmni í rekstri og vonandi hefur okkur miðað í rétta átt á þeirri leið.

Undirbúningur að stofnun félagsins hófst haustið 2001 og voru þá haldnir fundir með stjórnnum búgreinafélaganna á svæðinu. Var þar reynt að móta sameiginlegar tillögur um á hvaða atriði Ráðunautaþjónustan ætti að leggja mesta áherslu á varðandi þjónustu í hverri búgrein fyrir sig. Í samþykktum Ráðunautaþjónustunnar eru ákvæði um að sú þjónusta sem hver búgrein fær skuli vera í samræmi við framlög hennar til samtakanna í gegnum búnaðargjald. Til að hægt sé að fylgjast með því að svo sé verða starfsmenn að færa nokkuð ítarlegar vinnuskýrslur og allir á sama forminu svo úrvinnsla sé þægileg. Á þessu fyrsta starfsári hefur nokkuð vantað upp á þetta og er það að mestu leyti mér að kenna því starfsmenn höfðu af ýmsum ástæðum ekki nógu þægilegt og samræmt vinnuskráningarform til að vinna eftir. Þetta hefur nú verið lagað og á næsta ári verður auðveldara að sjá vinnuframlag til hvers búgreinar fyrir sig. Einnig þarf þá að vera skýrt hvernig verkliðum er skift sem tengjast fleiri búgreinum, t.d. jarðrækt, rekstarleiðbeiningar og ýmsar almennar leiðbeiningar sem erfitt getur verið að setja á einstakar búgreinar. Lausleg athugun bendir þó eindregið til þess að á árinu 2002 hafi hrossaræktin fengið nokkuð þá þjónustu sem henni ber og það sama má segja um sauðfjárræktina, en nautgriparæktin trúlega fengið heldur minni þjónustu en hún á rétt á m.v. fyrrnefnda viðmiðun.

Í þessu samhengi má einnig benda á að það virðist stefna BÍ að leiðbeiningar færist meira í sérhæfða selda þjónustu á ákveðnum sviðum eða verkefnum og það krefst náttúrulega nákvæmrar vinnuskráningar. Þar má nefna aukna áætlanagerð t.d. varðandi rekstur, áburðarnotkun, landnýtingu ofl. Þetta krefst þess einnig að þau verk sem bóndinn á rétt á að fá unnin án endurgjalds þurfa að vera mjög vel skilgreind en á það hefur kannski vantað fram að þessu.

Rekstur

Eins og glöggst kemur fram í reikningum félagsins var rekstur þess í jórnum á árinu 2002. Rekstrartekjur á árinu eru rétt tæpar 19 milljónir og þar af eru um 3,9 milljónir

vegna sölu á vöru og þjónustu, búnaðarsjóður skilar okkur um 7,2 milljónum og önnur framlög eru um 7,6 milljónir. Hagnaður ársins reiknast um 170 þús. Er það nánast sama tala og hagnaður af sauðfjársæðingum á árinu, en heildarvelta þeirra var um 1,8 milljónir.

Auk þessa fengum við rétt tæpar 3 milljónir í styrki til tækjakaupa, þar af um 1,7 milljónir frá Framleiðnisjóði. Þeir styrkir voru færðir í bókhaldi beint til lækkunar á kostnaði við tækjakaupin og koma því ekki fram sem rekstrartekjur né heldur færast tækin til eignar á efnahagsreikningi. Gísli Grímsson á Efri-Mýrum veitti aðstoð við uppsetningu ársreiknings.

Tækjakaup.

Framleiðnisjóður veitti búnaðarsamböndum styrk til tækjakaupa og nýttum við okkur það og voru keypt faxtæki, ljósritunarvél, tölvur, símkerfi, skjávarpi, sýningartjöld ofl. og má segja að við séum ágætlega sett í þessu tilliti eins og er. Hins vegar úreldast tölvur nokkuð hratt nú til dags. Þá var einnig ráðist í að kaupa tvær nýjar ómsjár inn á svæðið og eru þá í allt sex slíkar á svæðinu öllu þ.e. þrjár á Ströndum, ein í V-Hún og tvær á A-Hún. Framleiðnisjóður styrkti þessi kaup en einnig fengust framlög úr Enniskotssjóði í V-Hún, frá sauðfjárræktarfélögum í A-Hún og frá Samtökum hrossabænda í A-Hún.

Hrossarækt

Vinna mín fyrir hrossabændur á árinu tengist skýrsluhaldi í hrossaræktinni, kynbótasýningum, bókhaldsmálum og aðstoð við ýmsar uppákomur á þeirra vegum. Í því sambandi má nefna sögusýningu sem haldin var á Blönduósi þegar forseti Íslands var þar í opinberri heimsókn. Í júníbyrjun voru haldnar kynbótasýningar á Hvamms-tanga og Blönduósi og fór nokkuð mikill tími í skráningar, skipulagningu og framkvæmd þeirra. Staða hrossaræktar á árinu var frekar þung vil ég segja. Útflutningur á hrossum hefur dregist saman en sífellt eru gerðar meiri kröfur um gæði tamningar og gæði hrossa án þess þó að verðlagning á hrossunum breytist í takt við það.

Nautgriparækt.

Aðkoma mín að nautgriparæktinni tengist fyrst og fremst leiðbeiningum varðandi fóðrun mjólkurkúa og þá mest í tengslum við niðurstöður heysýna. Einnig koma oft upp á borðið ýmsar vangaveltur varðandi aðbúnað og meðferð gripa. Ljóst er að nokkuð víða þarf að bæta aðbúnað og þá ekki hvað síst gripa í uppeldi til að uppfylla þær kröfur sem settar eru í dag varðandi þau atriði. Staða mjólkurframleiðslu á svæðinu virðist í sæmilega öruggu fari þó framleiðendum muni nær örugglega halda áfram að fækka. Endurbætur og breytingar á eldri byggingum hafa nokkuð víða verið framkvæmdar og jafnvel farið í nýbyggingar og er það góðs viti.

Fundir og námskeið.

Ég mætti á ýmsa fundi hjá búgreinafélögum á svæðinu, aðalfundi hjá afurðasölu-fyrirtækjum og á aðalfundi allra Búnaðarsambandanna á svæðinu og greindi þar frá starfsemi Ráðunautaþjónustunnar. Í febrúarbyrjun sótti ég hefðbundinn ráðunautafund í Reykjavík en í nóvember fór um við Guðný Helga ásamt á þriðja tug annarra ráðunauta á vikulangt námskeið í Danmörku um stöðu og rekstur nautgriparæktar þar í landi. Var það ákaflega frjólegt og kom berlega í ljós hversu gott skipulag er á flestum hlutum hjá dönum og hversu vel þeir nýta samtakamátt sinn. Á það bæði við um sölu og markaðsstarf svo og leiðbeiningaþjónustu til bænda. Þá sótti ég árlegan

fund hjá Bændasamtökunum með formönnum og framkvæmdastjórum búnaðarsambanda og leiðbeiningamiðstöðva.

Aðalfundur Ráðunautþjónustunnar var haldinn að Staðarflöt í Hrutafirði 3.des 2002 og var hann vel sóttur og málefnalegur. Fundargerð þess fundar er birt annarsstaðar í þessu riti.

Að lokum vil ég þakka bændum og samstarfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

Svanborg Þ. Einarsdóttir
Sauðfjárræktarráðunautur

Starfsskýrsla 2002

Aðalviðfangsefni mín á árinu voru í sauðfjárrækt og ýmis verk, samanber töflu hér að neðan. Taflan sýnir í stórum dráttum hvernig vinnutíminn skiptist milli búgreina og síðan annarra verkefna sem ekki er auðvelt að festa á einstakar búgreinar.

Verkefni	Hlutfall
Hrossarækt	7 %
Sauðfjárrækt	38 %
Jarðrækt	3 %
Bókhald	17 %
Ýmislegt	36 %
	100 %

Hrossarækt.

Ég tók þátt í starfi á kynbótasýningum hrossa á Hvammstanga og Blönduósi. Að öðru leyti er starfið í hrossarækt fyrst og fremst uppflettingar og skráningar í Worldfeng.

Sauðfjárrækt.

Stærsti hluti af vinnutímanum fór í sauðfjárrækt eða 38 %. Lambaskoðun að hausti vegur þar þyngst. Uppgjör á afkvæmarannsóknunum og innsláttur á lambaskoðun er nokkur en með aukinni notkun bænda á Fjávís fer sú vinna minnkandi. Snemma á árinu voru haldnir fjárræktarfélagsgundir í flestum félögum svæðisins. Þá eru alltaf einhverjar leiðbeiningar í sauðfjárrækt þar er helst að telja rekstrarleiðbeiningar, aðstoð við skýrsluhald, Fjávís og fleira.

Jarðrækt.

Þetta er sá hluti sem mest hefur breyst við stofnun RHS í mínu starfi en þessi hluti er nær eingöngu hjá Önnu Margréti. Þessi 3% sem fara í jarðrækt er að stórum hluta vegna jarðvegssýnatöku og svo áburðarleiddbeininga.

Bókhald.

Leiðbeiningar í bókhaldi er að mestum hluta leiðbeiningar við notkun dk-Búbót. Dk-Búbót hefur náð ótrúlegri útbreiðslu og gamla Búbót nær alveg horfin. Einnig aðstoða ég aðeins bændur sem gera sitt framtal sjálfir með því að lesa yfir og ljúka verkinu.

Ýmis verk.

Að lokum eru það verkefni sem ekki eru skráð á einstakar búgreinar. Þar má nefna verkefni eins og umsóknir, úttektir, upplýsingaöflun, skrifstofustörf, hreingerningar, fundasetur, skipulagningu námskeiða og fleira.

Að lokum vil ég þakka bændum og samstarfsfólki fyrir ágætt samstarf.

Svanborg Þ. Einarsdóttir

Anna Margrét Jónsdóttir
Jarðræktarráðunautur

Starfsskýrsla 2002

Árið 2002 fór að miklu leyti í hefðbundin störf, en þó var breyting á að með stærra svæði og fleiri starfsmönnum varð aukin sérhæfing í störfum. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig minn tími skiptist á árinu, gróflega reiknað.

Verkþættir	Hlutfall, %
Félagsleg verkefni	10%
Fagleg verkefni	
<i>Jarðrækt, fóduröflun</i>	13%
<i>Nautgriparækt</i>	8%
<i>Sauðfjárrækt</i>	25%
<i>Hrossarækt</i>	5%
<i>Landnýting *</i>	13%
Önnur verkefni	
<i>Fréttabréf, ritstörf</i>	8%
<i>Ýmislegt</i>	17%
Alls	100%

* Verkefni skv. samningi við Landgræðslu ríkisins

Félagsleg verkefni

Eins og sjá má í töflunni hér að ofan, þá fer stærsti hluti starfsins í að sinna faglegum verkefnum en engu að síður fer alltaf nokkur hluti þess í aðstoð við umsóknir, úttektir ýmiss konar, upplýsingaöflun, fundasetur, skipulagningu námskeiða og annað umstang sem flokkað er undir félagsleg verkefni.

Jarðrækt

Nokkuð var lagt upp úr umræðu um grænófóður á árinu en ég hélt erindi um grænófóðurrækt á sauðfjárbúum á nokkuð mörgum fjárræktarfélagafundum. Einnig var ég með erindi um grænófóður á fundi fyrir kúabændur í apríl. Um sumarið var hleypt af stökkunum jarðræktarátaki í V-Hún og hef ég haft umsjón með því verkefni. Einnig vann ég talsvert af áburðaráætlunum fyrir bændur á svæðinu og hafði umsjón með plæginganámskeiði sem og NPK-námskeiði sem haldin voru á svæðinu. Þar fyrir utan fer alltaf nokkur tími í símaspjall og vangaveltur um hvað henti best í flögin þetta árið og fleira í þeim dúr.

Nautgriparækt

Sá tími sem ég eyddi í nautgriparækt var ekki sérlega mikill. Mest er þarna um að ræða rekstrarleiðbeiningar á kúabúum sem ég hef sinnt ásamt öðrum, þar með talið rekstraráætlanir fyrir Lánasjóð landbúnaðarins. Einnig hafði ég umsjón með tveimur Ískýr námskeiðum sem haldin voru í A-Hún, sá um skráningar á sæðingum í A-Hún og fleira smálegt.

Sauðfjárrækt

Stærsti hluti minnar vinnu fór á árinu í sauðfjárrækt eða u.þ.b. fjórðungur. Eru þar hauststörfin drýgst en um helmingur vinnu minnar við sauðfjárrækt fór fram í sept.-nóv. Er þar um að ræða bæði lambaskoðanir og uppgjör á afkvæmarannsóknunum, mestmegnis í A-Hún. Einnig fór talsverður tími í fjárræktarfélagafundi, gerð rekstraráætlana fyrir sauðfjárnætur, aðstoð við skýrsluhald, Fjárnætur o.fl. Því til viðbótar hafði ég umsjón með námskeiði fyrir sæðingamenn sem haldið var á Blönduósi í byrjun desember.

Hrossarækt

Ég var starfmaður á kynbótasýningum í hrossarækt sem haldnar voru á svæði RHS á árinu. Þess utan felst vinna mín fyrir hrossabændur fyrst og fremst í flettingum í Worldfeng, grunnskráningum og annarri aðstoð við skýrsluhald í hrossarækt.

Landnýting

Hluti af mínu starfi felst í að sinna verkefnum fyrir Landgræðslu ríkisins skv. samningi milli hennar og RHS. Á árinu 2002 sá ég um heimsóknir til bænda sem eru í verkefninu “Bændur græða landið” í A- og V-Hún eins og ég hef reyndar gert undanfarin ár. Einnig fór ég aðeins í gróðurskoðun á heiðunum í A-Hún í júní. Í haust var ég í vottun á landnýtingu vegna gæðastýringar í hrossarækt og heimsótti nokkra bændur í Skagafirði í þeim tilgangi. Ég hef aðeins verið með í mótun á verkefninu “Beta bú” sem er verkefni þar sem bændur gera landnýtingaráætlun fyrir eigin jörð.

Önnur verkefni

Fréttabréfið hefur verið talsvert á minni könnu og hef ég séð um að setja það upp og ganga frá til prentunar, auk þess að skrifa hluta af því sem þar birtist. Því til viðbótar skrifaði ég á árinu 2002 grein í rit Ráðunautafundar ásamt fleiri ráðunautum.

Flesta daga fer síðan nokkur tími í óskilgreind verkefni og má þar telja til ýmis konar tölvuvinnu, símsvörun og önnur skrifstofustörf sem flokkast undir ýmislegt.

Að lokum vil ég þakka bændum á starfssvæði RHS fyrir mjög gott samstarf og skemmtilega viðkynningu á liðnu ári.

Anna Margrét Jónsdóttir

Guðný Helga Björnsdóttir

Starfsskýrsla 2002

Síðastliðið ár var ég í 25% hlutastarfi hjá RHS. Í þessari skýrslu mun ég stikla á því helsta sem starfssvið mitt spannar, en það er alfarið innan nautgriparæktar.

Hefðbundin skýrsluhaldsvinna

Mánaðarlegar mjólkurskýrslur frá bændum þarf ég að yfirfara áður en ég sendi þær áfram suður til innsláttar í skýrsluhaldsforritið. Þar er helst að yfirfara ættfærslur nýrra kúa á skýrslum og stundum þarf að hringja í menn ef þeir hafa gleymt að skrá einhver atriði. Jafnframt þarf að fylgjast með burði hjá nautsmæðrum Guðbjartur á að sinna þessu eftirliti með skýrslunum í A-Hún. Mánaðarlega sendi ég bréf með mismiklum fróðleik ásamt nýjum mjólkurskýrslum til skýrsluhaldsbændanna.

Tvisvar á ári er reiknað út kynbótamat fyrir kýrnar. Ég yfirfer það og reyni að finna út efnilegar nautsmæður með samvinnu bændanna og byggingadóms á kúnum. Bændur eru svo hvattir til að sæða þær með nautsfeðrum og láta vita ef það fæðist nautkálfur. Fyrir nokkra bændur hef ég unnið pörunarskýrslu, þar sem koma fram tillögur að nautum til að halda hverri kú undir.

Ég hef reynt að vera með áróður um að menn skrái þau heimanaut sem þeir nota þannig að dætur þeirra séu ættfærðar þegar þær bera. Auðvitað viljum við helst að menn noti ekki heimanaut heldur sæði kýrnar, en þar sem þau eru notuð, er nauðsynlegt að þau séu skráð til að dætur þeirra verði virkar í kynbótastarfi nautgriparæktarinnar á landsvísu.

Ég eyddi töluverðum tíma í að kynna mér skýrsluhaldsgögn bænda í A-Hún. til að vera betur í stakk búin til að sinna búunum þar.

Kúaskoðun

Í lok maí fór ég með Jóni Viðari á 10 bæi í V-Hún. til að byggingardæma ungar kýr. Guðbjartur fór með Jóni Viðari á 28 bæi í A-Hún. Dæmdar eru ungar kýr á öllum bæjum þar sem eru fleiri en ein ódæmd kýr undan nauti þess árgangs sem verið er að skoða hverju sinni, árið 2002 voru það naut fædd árið 1995. Ekki er komið á bæi þar sem ódæmdar kýr eru eingöngu undan reyndum nautum. Þetta getur verið bagalegt ef á slíku búi eru kýr með nokkuð hátt kynbótamat, en ekki byggingadóm. Slíkt rýrir möguleika kúnna til að nýtast sem nautsmæður. Því er það ekki síður akkur fyrir bændur að láta sæða kýrnar með óreyndum nautum til að fá dóm á kýrnar í fjósinu. Hins vegar þegar komið er í fjós til að dæma kvígurnar undan óreyndu nautunum eru jafnframt ódæmdar eldri kýr með gott kynbótamat dæmdar.

Ískýr

Í mars voru haldin kynningarnámskeið á forritinu Ískýr. Jafnframt var bændum boðið að komið yrði heim til þeirra til að aðstoða við forritið. Í V-Hún. eru þrír bændur með forritið, en sjö í A-Hún.

Fundir og annað

Jón Viðar Jónmundsson kom og fundaði í mars um nýjan árgang sæðingana. Það er mjög gott fyrir menn að koma á slíka fundi og fræðast um nautin. Ef menn ætla að ná framförum í mjólkurframleiðslu þá þarf að para rétt saman naut og kýr til að láta kosti nautanna bæta galla kúnna.

Ég fór á Ráðunautafund í febrúar og aðalfund LK í ágúst. Upp úr helstu erindum þeirra funda vann ég lítilsháttar greinargerðir og sendi bændum.

Í Víðihlíð var haldinn fundur um grænfóðurrækt, þar fluttu erindi Jón Eiríksson á Búrfelli og Anna Margrét Jónsdóttir, ráðunautur, auk mín. Sá fundur tókst mjög vel.

Ég sat ýmsa aðra fundi og fór í bænduferð með Austur-Húnavetningum á Suðurland auk þess fór ég á námskeið í búrekstraráætlunum á Hvanneyri.

Rekstraráætlanir

8 bæir voru í búrekstraráætlunum á mínum vegum árið 2002. Það var misjafnt hvað hægt var að vinna langt með þá alla. Sumir voru mjög áhugasamir um að skila gögnum til að hægt væri að vinna fyrir þá, aðrir voru öllu latari. Þar sem að gögn skila sér vel, og bóndinn er áhugasamur er hægt að ná árangri í að bæta rekstur búsins eftir að rekstrargreining og búrekstraráætlun hefur verið unnin.

Ég fór með Önnu Margréti á þrjú bú í A-Hún. til að vinna búrekstraráætlanir.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum og stjórn RHS, stjórnnum kúabændafélaganna, búnaðarsambandanna, bændum, sæðingamönnum og öðrum kærlega fyrir samstarfið.

Guðný Helga Björnsdóttir

Guðbjartur Guðmundsson

Starfsskýrsla 2002

Undirritaður hætti störfum hjá Búnaðarsambandi A-Hún um áramótin 2001-2002 eftir 37 ára starf. Starfa nú hjá Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda í 35% starfi.

Helstu verkefni:

Nautgriparækt

Safna kúaskýrslum og sendi út til bænda. Unnið í samvinnu við Guðnýju Helgu Björnsdóttur

Sauðfjarrækt

Vinna við ómmælingar og stigun lamba, að mestu í A-Hún. Hef einnig séð um hrútakeup fyrir A-Húnvetnska bændur og keypt hrúta á Ströndum og Snæfellsnesi. Sá um að skipuleggja framkvæmd sauðfjársæðinga í A-Hún.

Annað

Sá um töku hey- og jarðvegssýnatöku í A-Hún. Sá um úttekt á jarðabótum og umsjón með jarðabótaumsóknum í A-Hún. Skrifu reikninga vegna nautgripasæðinga fyrir Búnaðarsamband A-Hún. Hef umsjón með forðagæsluskýrslum og eftirlit búfjár þar sem þess hefur þurft. Auk þess sinnt tilfallandi verkefnum, s.s. uppgjör reikninga fyrir BSAH, aðstoð við skýrsluhald o.fl.

Guðbjartur Guðmundsson

Brynjólfur Sæmundsson

Starfsskýrsla 2002

Í byrjun janúar 2002 hóf ég hálf starf hjá nýstofnaðri Ráðunautaðjónustu Húnaþings og Stranda, eftir að hafa starfað fjórutíu og eitt og hálf ár hjá Búnaðarsambandi Starndamanna, eða frá maí 1959. Á þeim tímamótum þykir mér hlýða að þakka öllum strandamönnum sem ég hef starfað með fyrr og síðar fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Þau verkefni sem ég vann að árið 2002 voru að langmestu leyti tengd Strandasýslu. Heildarvinnutíminn var 915 tímar og skiptast í verkþætti sem hér segir:

			Jan	57 st	6 %
			Feb	82 -	9 %
Sauðfjárrækt	388 st.	44 %	Mars	43 -	5 %
Símtöl, bréfaskrifdir	142 -	15 %	Apr	60 -	7 %
Akstur	107 -	12 %	Maí	28 -	3 %
Jarðrækt	107 -	12 %	Júní	51 -	6 %
Námskeiðahald	54 -	6 %	Júlí	3 -	0 %
Fundir	41 -	4 %	Águ	23 -	3 %
Ráðunautafundur	29 -	3 %	Sept	186 -	20 %
Framleiðslumál	22 -	2 %	Okt	178 -	19 %
Unnið eftir gjaldskrá	13 -	1 %	Nóv	150 -	16 %
Annað	12 -	1 %	Des	54 -	6 %
Samtals	915 st.	100 %		915 st	100

Í janúar fór vinnutíminn að mestu í að taka saman upplýsingar um sýningarhald og lambaskoðun haustsins og niðurstöður fjárræktarfélaganna. Einnig að innheimta forðagæsluskýrslur og yfirfara þær.

Í febrúar var áframhald á sömu vinnu varðandi sauðfjárræktina og þá sótti ég hinn árlega ráðunautafund í Reykjavík.

Í mars vann ég að frágangi á afkvæmarannsóknnum frá haustinu og aðstoðaði við sölu á greiðslumarki í sauðfé. Þá sótti ég starfsmannafund RHS á Hvammstanga.

Í apríl tók ég saman töflu yfir hæst stiguðu hrútlömb haustið 2001, undirbjó sauðfjárræktarfélagssfundu og mætti á tveimur slíkum. Þá undirbjó ég námskeið um fjárhúsbyggingar og vinnuhagræðingu við sauðfé og sat það námskeið.

Í maí aðstoðaði ég við eigandaskipti á greiðslumarki í sauðfé og tók saman töflu yfir þá félagsmenn í fjárræktarfélagnum sem mestar afurðir höfðu 2000-2001.

Í júní undirbjó ég aðalfund BSS og Félags sauðfjáraþenda og námskeið í DK-búbót og sat þá fundu og skrifaði um hrútasýningar 2001. Þá var ég á aðalfundi eins sauðfjárræktarfélags og gerði kalamat á nokkrum bæjum í Árneshreppi.

Í júlí og ágúst var ég að mestu leyti í fríi, en sinnti þó tilfallandi verkefnum, svaraði erindum í síma og kom að undirbúningi á haustvinnu við sauðfé og líflambasölu. Einnig gékk ég frá byggingarbréfi fyrir eina jörð.

Í byrjun september gerði ég lista yfir allmarga bændur á Ströndum sem höfðu áhuga á að taka þátt búrekstraráætlunum. September og fyrri hluti október fóru að mestu leyti í lambaskoðun, afkvæmarannsóknir, hrútasýningar og undirbúning á þeim störfum, en síðari hluta október vann ég að undirbúningi á tveimur fjárhundanámskeiðum sem haldin voru í Hrútafirði og Steingrímsfirði og voru ágætlega sótt.

Í október og nóvember tók ég saman umsóknir um þróunarframlög fyrir 2003 og annaðist úttektir á þróunarverkefnum sem tilbúin voru. Ég mældi fyrir framæsluskurðum á nokkrum bæjum og sagði fyrir um upphreinsun á eldri skurðum.

Í desember var ég á aðalfundi RHS, stjórnarfundum BSS og á aðlafundi í einu sauðfjárræktarfélagi. Ég undirbjó tveggja daga námskeið sem haldið var á Hólmavík í áburðarforritinu NPK og var það vel sótt. Einnig fór nokkur tími í frágang á upplýsingum um lambaskoðun og afkvæmasýningar frá haustinu.

Ég hef á árinu reynt að sinna erindum bænda á Ströndum í síma og viðtölum jafnótt og þau hafa komið fram, en báðum aðilum hefur gengið illa að festa sig við ákveðna þjónustutíma. Ekki fer hjá því að þegar starfshlutfall á svæðinu minnkar um helming þá verða bændur að læra fljótt á það að leita til annarra starfsmanna RHS ef þjónusta á svæðinu á ekki að dragst verulega saman.

Að lokum vil ég þakka forystumönnum leiðbeiningaþjónustunnar, samstarfsfólki og bændum á svæðinu fyrir samstarfið á árinu 2002.

Í desember 2003
Brynjólfur Sæmundsson

Sauðfjárræktin 2002

Svanborg Þ. Einarsdóttir
Sauðfjárræktarráðunautur

Sauðfjárrækt í Húnaþingi og á Ströndum 2002

Þá er fyrsta ári RHS lokið og afrakstur ársins að líta dagsins ljós. Árið var nokkuð hefðbundið, veðráttan með betra móti, afurðir svipaðar og ári áður og starfsemin lítið breytt.

Úr skýrslum fjárræktarfélaganna 2002

Í töflu 1 er yfirlit yfir afurðir sauðfjárræktarfélaganna í Húnaþingi og á Ströndum. Þar koma fram afurðir hjá 168 skýrsluhöldurum sem hafa á bak við sig 36.618 ær. Fjöldi áa á svæðinu er 64.776 og 56,5% þeirra eru skýrslufærðar, en á landsvísi eru 54% áa skýrslufærðar. Hlutfallslega eru flestar ær skýrslufærðar á Ströndum, 67% og færstar í Austur-Húnavatnssýslu, 45%.

Tafla 1. Yfirlit yfir afurðaskýrsluhald sauðfjárræktarfélaganna 2002

Fjárræktarfélag	Félagar	Fjöldi áa á skýrslu	Reikn. kjötp. eftir á m.lambi	Reikn. kjötp. eftir hverja á	Fædd lömb e. 100 ær	Lömb til nytja e. 100 ær	Fleirl. %	Geldar %
Hólmavíkurrepps	7	1.169	30,5	29,6	183	173	4,6	1,9
Blævur	4	1.141	31,2	29,4	178	162	5,8	3,1
Kaldrananeshrepps	3	632	30,5	29,6	181	168	3,5	1,4
Kirkjubólshrepps	13	2.549	30,5	29,0	191	176	8,5	2,2
Norðri	10	1.710	30,8	29,0	183	172	5,0	3,5
Stefnir	9	3.764	28,2	26,9	182	172	3,7	2,6
Von	7	1.470	28,4	27,1	184	172	5,8	1,7
Strandasýsla	53	12.435	29,7	28,3	184	172	5	2
Staðarhrepps	12	3.016	29,8	28,0	183	170	4,6	2,4
Víðdælinga	13	2.386	27,7	25,7	176	160	3,9	2,8
Ytri-Torfustaðahrepps	12	2.506	30,1	28,3	180	167	4,9	2,5
Fremri-Torfustaðahrepps	9	2.635	28,6	26,7	175	164	3,7	3,9
Þverárhrepps	5	588	27,4	25,1	172	151	4,4	1,4
Kirkjuhvamshrepps	10	1.951	34,5	32,9	198	184	14,3	2,2
V-Húnavatnssýsla	61	13.082	29,8	28,0	181	168	6	3
Sveinstaðahreppur	22	5.715	26,3	24,6	177	163	4,0	2,9
Svínavatnshreppur	23	3.812	25,9	23,8	171	157	2,5	4,4
Skagahreppur	9	1.574	26,7	24,2	176	156	4,1	3,4
A-Húnavatnssýsla	54	11.101	26,2	24,3	175	160	3	3
RHS	168	36.618	28,7	26,9	180	167	5	3

Á svæðinu skiluðu fullorðnu ærnar til nytja 1,66 lömbum/á og reiknuðum kjötpunga eftir hverja á 27,1 en landsmeðaltal er 1,66 lömb/á og 26,5 kg/vetrarfóðraða á. Þessu er þó mjög misskipt eftir sýslum. Strandasýsla er með 1,71 lamb og 28,3 kg sem er besti árangur landsins og fast á hæla þeirra kemur V-Húnavatnssýsla með 1,68 lamb og 28,0 kg. Austur-Húnavatnssýsla er með lægstu sýslum landsins, 1,59 lömb/á og 24,2 kg/vetrarfóðraða á, á skýrslu haustið 2002.

Gæðaflokkun sláturlamba í sauðfjárræktarfélagunum í Húnavatnssýslum og Strandasýslu kemur fram í töflu 2. Flokkun dilka er misjöfn milli félaga, sex félög eru með yfir 8 fyrir gerð og önnur félög þar undir en þó ekki undir 7 fyrir gerð. Nokkur

breytileiki er einnig í fituflokkun, en þar eru Austur-Húnavetningar lægstir en Vestur-Húnavetningar hæstir og þá jafnframt lægstir í hlutfalli þrátt fyrir góða gerð. Ef titið er á svæðið í heild þá er niðurstaðan ekki slæm samanborið við landið. Landsmeðaltalið er 7,43 fyrir gerð, 6,79 fyrir fitu og hlutfallið 110 samanborið við Húnaþing og Strandir 7,67 fyrir gerð, 6,76 fyrir fitu og hlutfallið 113.

Tafla 2. Gæðaflokkun dilka hjá sauðfjárræktarfélagunum 2002

Fjárræktarfélag	Fjöldi lamba	Fall	Gerð	Fita	Hlutfall
Hólmavíkurhrepps	1909	17	8,49	7,08	1,20
Blævur	1591	17,7	7,89	7,56	1,04
Kaldrananeshrepps	902	17,3	8,03	7,18	1,12
Kirkjubólshrepps	4074	16,1	7,98	6,51	1,23
Norðri	2397	16,7	8,02	6,6	1,22
Stefnir	6325	15,5	7,51	6,86	1,09
Von	2353	15,5	8,01	6,31	1,27
Strandasýsla	19551	16,18	7,88	6,78	1,16
Staðarhrepps	4819	16,3	8,04	7,22	1,11
Víddælinga	3530	16	7,48	6,77	1,10
Ytri-Torfustaðahrepps	4171	16,7	7,9	7,33	1,08
Fremri-Torfustaðahrepps	4445	16,1	7,5	7,11	1,05
Þverárhrepps	1191	16,3	7	6,65	1,05
Kirkjuhvammshrepps	3890	17,6	8,54	7,32	1,17
V-Húnavatnssýsla	22046	16,52	7,85	7,13	1,10
Sveinstaðahreppur	8628	15	7,06	6,01	1,17
Svínavatnshreppur	5542	14,9	7,17	6,32	1,13
Skagahreppur	2262	15,5	7,64	6,83	1,12
A-Húnavatnssýsla	16432	15,04	7,18	6,23	1,15
RHS	58029	15,98	7,67	6,76	1,13

Í töflu 3 eru afurðahæstu búin með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2002. Þar eru 52 sauðfjárþú sem er 30,9 % skýrsluhaldara á svæðinu. Þar eru þrjú efstu búin þau sömu og eru efst yfir landið. Það eru Indriði og Lóa á Skjaldfönn, Hjálmar og Guðlaug á Bergsstöðum og Tryggvi og Stella í Gröf.

Tafla 3. Afurðahæstu búin með 100 skýrslufærðar ær eða fleiri árið 2002

Sýsla	Eigendur	Bær	Fjöldi áa	Kjöt kg	Lömb til
Strandir	Indriði og Lóa	Skjaldfönn	238	36,1	171
V-Hún	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	324	36,0	197
V-Hún	Tryggvi og Stella	Gröf	180	35,8	189
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauða	357	35,0	193
V-Hún	Heimir og Þóra	Sauðadalsá	338	34,0	192
Strandir	Reynir og Ólöf	Hafnardal	266	33,7	181
Strandir	Ragnheiður Jónsdóttir	Gestsstöðum	118	33,4	188
Strandir	Björn og Guðbrandur	Smáhömrur	267	33,2	184
V-Hún	Elín Anna og Ari	Bergsstöðum	278	33,2	183
V-Hún	Gyða og Þorgeir	Áslandi	192	32,5	182
V-Hún	Guðmundur og Helga	Helguhvammi	327	31,9	176
V-Hún	Þóra og Sigvaldi	Urriðaá	331	31,9	168
V-Hún	Skúli og Ólöf	Tannstaðabakka	106	31,7	177
V-Hún	Gunnar og Matthildur	Þóroddsstöðum	321	31,6	186
Strandir	Haraldur Guðmundsson	Stakkanesi	197	31,5	173
Strandir	Marta Sigvaldadóttir	Stað	229	31,4	180
Strandir	Sigurður Jónsson	St-Fjarðarhorni	216	31,3	188

V-Hún	Gunnar og Gréta	Efri-Fitjum	363	31,1	177
Strandir	Guðjón Jónsson	Gestsstöðum	118	31,0	177
Strandir	Jón Gústi Jónsson	Steinadal	170	31,0	181
V-Hún	Marsibil Ágústsdóttir	Stóru-Borg	102	30,7	181
Strandir	Guðbrandur og Lilja	Bassastöðum	222	30,7	168
V-Hún	Eggert og Sigrún	Bjargshóli	315	30,7	176
Strandir	Magnús og Drífa	Ytra-Ósi	178	30,3	183
V-Hún	Sverrir og Ásgeir	Brautarholti	234	30,3	178
V-Hún	Björn Sigurvaldason	Litlu-Ásgeirsá	269	30,3	176
V-Hún	Sigvaldi og Ólöf	Tannastöðum	165	30,2	167
Strandir	Bragi og Sólveig	Heydalsá	181	30,2	181
Strandir	Gunnhildur og Sigurkarl	Snartartungu	239	30,1	178
Strandir	Félagsbúið	Odda	222	30,0	174
Strandir	Jón Kristinsson	Klúku	181	29,9	181
V-Hún	Haukur og Marina	Haugi	339	29,9	173
Strandir	Nanna Magnúsdóttir	Kálfanesi 2	125	29,8	170
V-Hún	Benedikt og Heiðrún	Neðri-Torfustöðum	210	29,6	173
Strandir	Einar og Guðbrandur	Broddanesi	207	29,4	172
V-Hún	Björn Barkarson	Núpsdalstungu	189	29,3	177
Strandir	Jóhann og Jóna	Laxárdal	527	29,3	180
Strandir	Rögvaldur Gíslason	Gröf	183	29,2	162
Strandir	Rósa og Sigurður	Fjarðarhorni	141	29,1	179
V-Hún	Albert Jónsson	Eyjanesi	332	29,1	172
Strandir	Halldóra Guðjónsdóttir	Heydalsá	155	28,9	177
V-Hún	Óli og Dagrún	Bakka	153	28,8	176
V-Hún	Baldur og Olga	Saurbæ	283	28,8	181
V-Hún	Pétur og Anna	Þórukoti	136	28,7	168
A-Hún	Sigurður Þorkelsson	Barkarstöðum	171	28,7	182
Strandir	Kristján Albertsson	Melum 2	187	28,7	182
A-Hún	Sigursteinn Bjarnason	Stafni	202	28,6	182
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	177	28,5	175
V-Hún	Jóhann og Þórunn	Akurbrekku	302	28,5	170
Strandir	Bjarni Eysteinnsson	Bræðrabrekku	198	28,4	167
Strandir	Birkir Þór Stefnásson	Tröllatungu	280	28,4	172
Strandir	Þórarinn og Dagmar	Bæ	417	28,2	179

Það eru fjögur sauðfjárbú á svæðinu sem ná yfir 21 kg eftir veturgamla á. Þetta eru nær helmingi meiri afurðir en landsmeðaltal sem er 11,1 kg eftir hverja veturgamla á.

Tafla 4. Bú með mestar afurðir eftir veturgamlar ær

Sýsla	Eigendur	Bær	Fjöldi áa	Kjöt kg	Lömb til nytja
Strandir	Ragnheiður Jónsdóttir	Gestsstöðum	23	22,6	132
V-Hún	Ellert og Heiða	Sauða	67	23,0	129
V-Hún	Heimir og Þóra	Sauðadalsá	75	21,2	122
V-Hún	Hjálmar og Guðlaug	Bergsstöðum	76	21,4	121

Á Ströndum og í Húnaþingi eru 29 bú sem eru með yfir 8 fyrir gerð og yfir 1,2 í hlutfall milli gerðar og fitu, þau bú má sjá í töflu 5. Fituflokkun skiptir miklu máli í verðmyndun dilkakjötis og því ekki hægt að skoða gerð án þess að taka tillit til fitunnar. Hér eru það búin í Steinadal og Heydalsá sem standa efst með góða gerð og fitu eins og best er á kosið.

Tafla 5. Hæsta kjötmat - yfir 8 fyrir gerð og yfir 1,2 fyrir hlutfall milli gerðar og fitu

Sýsla	Eigendur	Bær	Fj. slátur-	Fall-	Gerð	Fita	Hlutfall
Strandir	Jón Gústi Jónsson	Steinadal	163	16,6	8,55	5,52	1,55
Strandir	Bragi & Sólveig	Heydalsá	264	15,66	8,42	5,56	1,51
Strandir	Ásdís Jónsdóttir	Steinadal	22	17,09	8,14	5,41	1,50
Strandir	Halldóra Guðjónsdóttir	Heydalsá	210	15,85	8,70	6,25	1,39
A-Hún	Ægir og Gerður	Stekkjardal	251	17,19	9,51	6,84	1,39
Strandir	Jón Stefánsson	Broddanesi 1	413	15,58	8,30	6,06	1,37
Strandir	Björn Torfason	Melum 1	422	16,3	8,73	6,44	1,36
Strandir	Hjalti Guðmundsson	Bæ	437	15,61	8,69	6,42	1,35
Strandir	Björn & Guðbrandur	Smáhömrum	378	17,1	9,37	7,02	1,33
A-Hún	Jóhanna og Gunnar	Akri	280	15,96	9,77	7,33	1,33
V-Hún.	Hjámur & Guðlaug	Bergsstöðum	596	18,04	10,11	7,64	1,32
Strandir	Magnús & Drífa	Ytra-Ósi	300	16,42	8,64	6,53	1,32
Strandir	Guðjón Sigurgeirsson	Heydalsá	64	16,17	8,75	6,64	1,32
Strandir	Kristján Albertsson	Melum 2	326	15,54	8,27	6,32	1,31
A-Hún	Jón og Kristjana Stella	Stóra-Búrfelli	265	14,55	8,27	6,36	1,30
Strandir	Guðbrandur & Lilja	Bassastöðum	251	17,94	9,78	7,60	1,29
V-Hún.	Halldór L. Jósafatsson	Vatnshóli	231	16,01	8,99	7,00	1,28
V-Hún.	Ingvar Jón Jóhannsson	Víðidalstungu 2	384	15,69	8,04	6,34	1,27
Strandir	Rögnvaldur Gíslason	Gröf	233	18,06	8,37	6,67	1,25
V-Hún.	Gunnar & Matthildur	Þóroddsstöðum	525	16,91	9,46	7,55	1,25
V-Hún.	Tryggvi & Stella	Gröf	326	18,97	8,86	7,14	1,24
A-Hún	Grímur og Jóhanna	Reykjum	151	14,69	8,70	7,06	1,23
Strandir	Nanna Magnúsdóttir	Kálfanesi II	202	17,57	9,13	7,47	1,22
Strandir	Sigurður Jónsson	St-Fjarðarhorni	363	16,42	8,07	6,66	1,21
V-Hún.	Svana Sigtryggsdóttir	S-Karástöðum	11	20,83	9,36	7,73	1,21
Miðvikudaginn 12.nóvember 2003 var haldinn á Blönduósi aðalfundur Ráðunautapjónustu Húnaþings og Stranda. Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

1. Formaður setur fund og skipar starfsmenn
2. Könnun á mætingu
3. Skýrsla stjórnar – Jón Gíslason
4. Skýrsla framkvæmdastjóra og reikningar RHS – Gunnar Ríkharðsson
5. Umræður um skýrslur og reikninga
6. Starfsemi í einstökum búgreinum 2002
 - Sauðfjárræktin 2002 – Svanborg Einarsdóttir
 - Nautgriparæktin 2002 – Guðný Helga Björnsdóttir
 - Jarðrækt og landnýting - Anna Margrét Jónsdóttir
 - Hrossaræktin - Gunnar Ríkharðsson
7. Umræður um skýrslur
8. Kaffi
9. Tillögur lagðar fram og vísað til nefnda - Nefndarstörf
 - Fagmálanefnd : Starfsáætlun hvernar búgreinar
Aðrar tillögur
 - Allsherjarnefnd : Fjárhagsáætlun fyrir 2003
Aðrar tillögur
10. Afgreiðsla mála
11. Kosningar (skoðunarmaður)
12. Önnur mál
13. Fundarslit

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna:

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gerði hann að tillögu sinni að Matthías Lýðsson yrði fundarstjóri og Rafn Benediktsson ritaði fundargerð og var það samþykkt. Formaður skilaði kveðjum til fundarins frá Gunnari Sæmundssyni í Hrutatungu en honum var boðið til fundar sem fulltrúa BÍ en hafði ekki tók á að mæta. Þá tók Matthías við fundarstjórn og fór yfir hverjir væru mættir á fundinn.

2. Mættir voru eftirtaldir fulltrúar:

Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu	Guðbrandur Sverrisson, Bassastöðum
Félag sauðfjárbænda í V- Hún	Ari G. Guðmundsson, Bergsstöðum
Nautgriparæktarfélag í V- Hún	Skúli Einarsson, Tannstaðabakka
Hrossaræktarsamtök í V- Hún	Elías Guðmundsson, Stóru Ásgeirsá
Félag sauðfjárbænda í A- Hún	Jóhanna Pálmadóttir, Akri
Félag kúabænda í A-Hún	Magnús Sigurðsson, Hnjúki
Samtök hrossabænda í A- Hún	Björn Magnússon, Hólabaki
Búnaðarsamband A-Hún:	Jón Gíslason, Stóra Búrfelli
	Gauti Jónsson, Hvammi
	Birgir Ingbórsson, Uppsölum

Búnaðarsamband V-Hún:	Rafn Benediktsson, Staðarbakka
Búnaðarsamband Strandamanna:	Jóhann Ragnarsson, Laxárdal Matthías Lýðsson, Húsavík Þórður Halldórsson, Laugalandi
Skoðunarmenn reikninga	Stefán Jónsson, Kagaðarhóli Ólafur Óskarsson, Viðidalstungu

Einnig voru mættir starfsmenn RHS þeir Gunnar Ríkharðsson, Svanborg Þ. Einarsdóttir, Anna Margrét Jónsdóttir, Guðbjartur Guðmundsson og Guðný Helga Björnsdóttir.

3. Skýrsla stjórnar - Jón Gíslason formaður.

Jón ræddi um aðalfundartíma og bjóst við að í framtíðinni yrði aðalfundur haldinn snemma árs og þá yrði ekki endilega beðið eftir að búnaðarsamböndin yrðu búin með sína aðalfundi.

Skýrði frá samþykkt stjórnar þess efnis að ný starfsstöð verði sett upp á Borðeyri á næsta ári og að stefnt yrði að því að ráða starfskraft í eitt starf í vinnu við nautgriparækt og rekstrarleiðbeiningar og verði hann staðsettur á Hvammstanga.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra og reikningar RHS - Gunnar Ríkharðsson.

Gunnar sagði að drjúgur tími hefði farið í að koma bókhaldi af stað svo og að samræma ýmsa hluti á milli sýslna, sem ekki væri óeðlilegt í byrjun hjá nýju fyrirtæki. Þá fór hann nokkuð yfir tekjur af búnaðargjaldi og hvernig skipting er á milli sýslna og búgreina í þeim eignum og hvernig þjónustuhlutfall búgreinanna hefur verið miðað við búnaðargjald. Styrkir fengust til tækjakaupa á árinu og er staðan varðandi tækjæign allgóð. Þá varpaði Gunnar því fram að gott væri að heyra frá fundarmönnum hvað þeim finnst um að færa kúasæðingar á svæðinu til RHS en þær eru nú reknar af Búnaðarsamböndunum.

Þá fór Gunnar yfir reikninga RHS og skýrði þá. Tekjur voru 18.968.106, gjöld 18.833.551, hagnaður ársins var því 171 þúsund.

5. Umræður um skýrslu og reikninga.

Birgir Ingbórsson þakkaði skýrslur og reikninga, taldi að fyrstu skref RHS hefðu tekist vel, taldi að betri tengsl næðust við bændur með því að RHS hefur tekið að sér forðagæslu í Húnavatnssýslum.

Guðbrandur Sverrisson þakkaði fyrir skýrslur og reikninga ræddi um nýja staðsetningu á starfsstöð í Strandasýslu og velti því fyrir sér hvort hægt væri að hafa einhverja viðveru ráðunauts á Hólmavík. Sagði að menn hefðu talað um það í haust að vandfyllt yrði skarðið hans Brynjólfs í lambaskoðunum en taldi að það hefði tekist allvel.

6. Starfsemi í einstökum búgreinum 2002.

a. Sauðfjárræktin 2002 - Svanborg Þ. Einarsdóttir.

Svanborg taldi að um 38 % af sínum tíma hefði farið í sauðfjárrækt og þar tæki lambaskoðun að hausti mestan tíma. Sagði að þær Anna Margrét hefðu farið á fundi hjá sauðfjárræktarfélagunum og taldi að það væri það sem ætti að halda áfram að gera. Sagði frá hinum ýmsu námskeiðum sem haldin voru á árinu. Taldi að töluverður

tími færi í að leiðbeina í Fjávís, þar þyrfti að halda námskeið en alltaf væri verið að bíða eftir nýjum Fjávís.

b. Nautgriparæktin 2002 -Guðný Helga Björnsdóttir.

Sagði frá sínu starfi á árinu, sem væri að töluverðu leiti skýrsluhaldsvinna og kúaskoðun. Einnig sagði hún frá fundum og námskeiðum á svæðinu.

c. Jarðrækt og landnýting - Anna Margrét Jónsdóttir.

Sagði frá námskeiðum sem haldin voru, eins og plægingarnámskeiði og NPK námskeiði einnig sagði hún nokkuð frá jarðræktaráttaki í V-Hún, sem styrkt er af " Enniskotssjóði " en í því átaki eru 46 bændur.

d. Hrossaræktin - Gunnar Ríkharðsson.

Sagði frá kynbótasýningum á svæðinu og öðru því sem unnið er að fyrir hrossabændur. Þá kom fram að framlög sem áður hefðu farið til hrossaræktarsambandanna v. skýrsluhalds í hrossarækt færu frá og með 2003 til Ráðunautaþjónustunnar.

7. Umræður um skýrslur.

Björn Magnússon þakkaði skýrslur, taldi að með því að tekjurnar sem hrossaræktarsamböndin hefðu haft en færu nú til RHS kæmi að því að menn yrðu að fara hugsa hlutina upp á nýtt og brátt yrði að vera fundur þar sem málin yrðu rædd.

Magnús Sigurðsson, þakkaði framlagðar skýrslur, fagnaði því að stjórn ætlaði sér að auka þjónustu við kúabændur sem hann taldi að þeir ættu rétt á.

Jóhanna Pálmadóttir þakkaði skýrslur og einnig þakkaði hún fyrir hönd sauðfjárþænda í A-Hún veitta þjónustu. Sagði frá því að Guðmundur Hallgrímsson og konur frá Ullarselinu á Hvanneyri kæmu til sín á morgun í rúning og úrvinnslu ullar og yrði það gert í samvinnu við Húnavallaskóla til að kynna nemendum málið, velti hún því fyrir sér hvort svona mál ætti að vera inn á borði RHS.

8. Kaffi.

9. Skipað í nefndir og málum vísað til nefnda.

10. Afgreiðsla mála

a. Fagmálanefnd.

“Aðalfundur RHS haldinn á Blönduósi 12.nóv 2003 leggur til að stjórn RHS beiti sér fyrir því að umsóknarfrestur fyrir jarðabótastyrk verði fluttur aftur til 1.mars sama árs úttektar.”

Eftir nokkrar umræður var samþykkt að vísa tillögunni til stjórnar

“Aðalfundur RHS haldinn á Blönduósi 12.nóv 2003 leggur til að RHS hafi umsjón með skeljasandskaupum á svæðinu til að ná hagkvæmari útboðum á flutningi.” Tillagan samþykkt án umræðna.

“Aðalfundur RHS haldinn á Blönduósi, leggur til að komið verði á skipulögðu kerfi við jarðvegssýnatöku á svæðinu.” Tillagan samþykkt án umræðna.

“Aðalfundur RHS haldinn á Blönduósi 12. nóv 2003 telur eðlilegt að þeir bændur er sæða sjálfir sínar ær borgi fyrir keypta skammta en þeir bændur er fá sætt hjá RHS greiði áfram fyrir notaða skammta.” Eftir nokkur skoðanaskipti fundarmanna var samþykkt að fresta tillögunni til næsta aðalfundar.

“Aðalfundur RHS haldinn á Blönduósi 12.nóv 2003 vill beina því til trúnaðarmanna yfirdýralæknis vegna líflambasölu, að þeir beiti sér fyrir því að bændur sem selja líflömb milli varnarlína setji dýralækniskostnað inn í söluverð líflamba, svo ekki sé tekið vitjunargjald á hvert lamb.” Tillagan samþykkt.

“Aðalfundur RHS haldinn á Blönduósi 12.nóv 2003 samþykkir að haldinn verði upplýsingafundur og eða uppgjörsfundur í sauðfjárrækt að loknu hauststarfi og ekki síðar en um mánaðarmót nóv-des.” Tillagan samþykkt.

b. Starfsáætlun í nautgriparækt – Guðný Helga

Skýrsluhaldi nautgriparæktarinnar verði sinnt með það að markmiði að:

- efla kynbætur (fjölga nautsmæðrum, efla ætternisskráningu)
- fjölga bændum sem taka þátt í því
- fjölga bændum með Ískú

Lögð verði áhersla á leiðbeiningar í ræktun grænfóðurs, og öðru er að jarðrækt lýtur, ráðgjöf um heyverkun og fóðrun, bútækni og rekstrarráðgjöf. Markmiðið sé að auka afurðir kúnna (nyt og prótein), án þess að auka tilkostnað verulega.

Allir kúabændur verði heimsóttir a.m.k. einu sinni á ári

Haldnir verði rabbfundir um hin ýmsu málefni, á tveimur til fjórum stöðum á svæðinu. Áhersluatriði verði þörun, kálfauppeldi og kvíguval.

Bændur verði hvattir til að taka þátt í búrekstraráætlunum.

Með tilkomu hertari krafna um mjólkurgæði verði bændum bent á leiðir til að lækka frumutölu og líftölu gerla.

Áætlunin samþykkt.

c. Starfsáætlun í hrossarækt - Gunnar Ríkharðsson

Skýrsluhald

Ráðunautaþjónustan sér um allt skýrsluhald fyrir hrossaræktina í héraðinu. Greiðslur til RHS frá BÍ miðast við skráð folöld og því skal reynt með öllum tiltækum ráðum að fá sem flesta hrossaeigendur til að taka þátt í skýrsluhaldinu

Kynbótasýningar

Ráðunautaþjónustan sér um að halda kynbótasýningar hrossa í héraðinu. Staðarval og tíma skal ákveða í samráði við BÍ og Samtök hrossabænda í héraðinu.

Námskeiðahald

Stefnt skal að því að halda námskeið og fræðslufundi fyrir hrossaræktendur í samstarfi við Samtök hrossabænda í héraðinu.

Almennar leiðbeiningar og aðstoð

Hrossabændum er eins og öðrum bændum boðið upp á alla almenna þjónustu og aðstoð. Má þar nefna leiðbeiningar vegna skýrsluhalds, rekstrar, fóðrunar, ræktunar og uppeldis gripa svo eitthvað sé nefnt. Athuga þarf með aðgengi félagsmanna að heimasíðu, fréttabréfi og ómsjá.

Nokkrar umræður urðu um starfsáætlunina og var hún síðan samþykkt.

d. Starfsáætlun fyrir sauðfjárrækt – Svanborg Einarsdóttir

Ræktunarstarf

Aðstoða nýja aðila í skýrsluhaldi

Fjölga Fjárvísnotendum

Líflambaval – uppgjörsfundur í lok nóvember

Sæðingar – ath framboð á sæðingadögum m.t.t. kostnaðar við akstur fyrir fáar kindur.

Fundir með öllum fjárræktarfélögum

Rekstrarráðgjöf

Bændur verði hvattir til að taka þátt í búrekstraráætlunum.

Gæðastýring

Markmið RHS að allir bændur sem þess óska komist í gæðastýringu

Annað

Fjárvís námskeið?? (þegar nýja Fjárvís kemur)

Kynbótanámskeið

Fjárhundanámskeið

Rúningsnámskeið

Auka leiðbeiningar í fréttabréfi

Birgir taldi að til að gæta samræmis ættu framlög til sauðfjárræktarinnar öll að renna til RHS.

Guðbrandur taldi ekki rétt að framlögin rynnu öll til RHS, þar sem verkefni sauðfjárræktarfélaga séu það viðamikil.

Jóhann vildi fá námskeið í jarðrækt, taldi rétt að framlögin rynnu til RHS.

Starfsáætlunin var síðan samþykkt.

e. Starfsáætlun í jarðrækt - Anna Margrét Jónsdóttir

Átaksverkefni

Kanna þarf möguleika á að koma jarðræktaráttaki af stað á Ströndum og í A-Hún. svipað því sem hefur verið í V-Hún. Verið er að athuga hvort hægt sé að nota fjármuni frá Ræktunarsambandi A-Hún í slíkt verkefni. Kanna þarf hvort slíkur sjóður sé hugsanlega á Ströndum og athuga með styrk frá sveitarfélögum.

Með slíku verkefni er hægt að nálgast marga þætti jarðræktarinnar með einstaklingsbundinni ráðgjöf, t.a.m.

- Vinna markvissar að því að aðstoða menn við að skipuleggja hjá sér jarðræktina.
- Hvetja til endurræktunar túna þegar mikill heyforði er fyrir og hægt að fórna einhverjum hekturum í flag án þess að skjólsá.
- Leggja áherslu á að beitarSKIPULAG hjá kúabændum, græn fóður- og eða túnbeit nýtist allt sumarið og nánari leiðbeiningar varðandi tegundaval í græn fóðurrækt
- Meiri vinna lögð í greiningu á kostnaði við jarðrækt og hagnað af henni
- Aukin áhersla á kostnaðargreiningu við heyskap og leiðir til hagræðingar þar
- Hugsanlega yrði reynt að fá bændur til að gera tilraun með ræktun vetrarrúgs í samstarfi við Hvanneyri/Rala
- Auknar áburðarleiðbeiningar

Námskeið

Reynt verður að halda jarðræktar- og plæginganámskeið. Síðast virtist vera áhugi fyrir hendi, en tímaskortur stoppaði menn af. Leiðbeiningar varðandi hina praktísku hlið jarðvinnslunnar kæmi t.d. fram þar, mun fleira en bara varðandi plægingar.

NPK-námskeið. Hefur þýðingu sem kennsla á forritið sem nýtist við gerð áburðar-áætlunar og fyrir gagnavörslu. Hefur þó ekki síður þýðingu sem upprifjun á áburðarfræði og vettvangur fyrir skoðanaskipti á þeim vettvangi.

Námskeið í gerð landnýtingaráætlana (Beta bú). Verður reynt að halda í samstarfi við Landgræðsluna og LBH.

Kölkun

Auka þarf umræðu um kölkun ræktunarlands, skrif í fréttabréf og erindi á fundum. Reynt verður að ná hagkvæmari flutningi á skeljasandi til bænda á svæði RHS. Verið er að skoða hvort hægt sé að dæla beint úr skipi hér á svæðinu. Reynt verður að safna saman skeljasandspöntunum bænda til að láta bjóða út flutninginn.

Jarðvegssýni

Reynt verður að koma á skipulegu kerfi við jarðvegssýnatöku.

Áætlunin lítillega rædd og síðan samþykkt.

f. Fjárhagsáætlun RHS 2003 - Gunnar Ríkharðsson.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun fyrir 2003. Áætlunin innihélt ekki þá liði sem eingöngu fara gegnum bókhald RHS en er ekki ætlað að hafa áhrif á reksturinn svo sem sauðfjársæðingar, vörusölu ofl. Árið 2003 mun væntanlega skila hagnaði þar sem nýir tekjuliðir koma til sögunnar t.d. framlag v skýrsluhalds í nautgriparækt sem áður fór til búnaðarsambandanna, framlag v gæðastýringar í sauðfjarrækt og framlög v búfjárefirlits. Einnig verður launakostnaður minni árið 2003 en 2002 þar sem Svanborg og Guðný Helga voru báðar í fæðingarorlofi hluta ársins og Brynjólfur var ekki við störf nema hluta ársins v. veikinda.

Áætlunin rædd og síðan samþykkt samhljóða.

11. Kosningar.

Skoðunarmaður til tveggja ára í stað Ólafs B. Óskarssonar.

Fundarstjóri stakk upp á að Ólafur yrði endurkjörinn og var það samþykkt með lófataki.

12. Önnur mál.

Guðbrandur Sverrisson flutti svohljóðandi tillögu:

“Aðalfundur RHS haldinn á Blönduósi 12. nóv. 2003, mótmælir öllum hugmyndum um sölubann á gæs.”

Greinargerð:

Gæsir sækja mjög í tún og akra bænda og virðast stofnar gæsa ekki vera í nokkurri hættu. Bændur eru farnir að nýta hlunnindi sem geta komið á móti þeim skaða sem gæsir og álfir valda og sölubann á gæs mun kollvarpa möguleikum bænda til að afla tekna á móti tjóni sem af þessum fuglum hlýst.

Tillagan samþykkt.

13. Fundarslit

Fundarstjóri leitaði eftir að ritari gengi frá fundargerðinni og að hún yrði send fundarmönnum, var það samþykkt samhljóða. Formaður gerði það að tillögu sinni að fundurinn sendi Brynjólfi Sæmundssyni ráðunaut á Hólmavík kveðjur með ósk um góðan bata. Þakkaði hann svo fundarmönnum fundarsetuna og fundarstjóri sleit síðan fundi.

Rekstrarreikningur RHS 2002

Rekstrartekjur

Seldar vörur og þjónusta		
Nautgriparækt.....	1	96.000
Sauðfjárrækt.....	2	1.649.234
Hrossarækt.....	3	272.646
Landnýting.....	5	710.700
Sauðfjárrækt – vörusala.....	9	1.037.343
Námskeið og kennsla.....	11	114.400
Seldar vörur og þjónusta alls		<u>3.880.323</u>

Húsaleigutekjur		270.200
Seldur akstur		57.541

Framlög og styrkir

BÍ v Búnaðarsjóður		7.177.846
BÍ v Grunnframlag		6.342.502
BÍ v Jöfnunarframlag		879.700
Framlag v nautgriparæktar		90.714
Framlag v sauðfjárræktar		230.720
Framlag v búrekstraráætlana		38.560
Framlög og styrkir alls		<u>14.760.042</u>
Rekstrartekjur alls		<u>18.968.106</u>

Rekstrargjöld

Vörur til endursölu	13	998.241
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	16	11.238.513
Aðkeypt þjónusta til endursölu	17	1.136.794
Húsnæðiskostnaður	18	1.020.921
Rekstur áhalda og tækja	19	213.258
Aðkeyptur akstur		1.715.175
Skrifstofukostnaður	20	838.549
Ýmiss kostnaður	21	1.672.100
Rekstrargjöld alls		<u>18.833.551</u>

Hagnaður án fjármagnsliða		134.555
---------------------------------	--	---------

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og gengismunur	23	48.012
Vaxtagjöld og innheimtukostnaður		(11.265)
Fjármunatekjur alls		<u>36.747</u>

Hagnaður af reglulegri starfsemi		171.302
--	--	---------

Hagnaður (tap) ársins		<u>171.302</u>
------------------------------------	--	----------------

Efnahagsreikningur RHS 31.des 2002

Eignir

Veltufjármunir:		
Skammtímakröfur	27	4.991.398
Handbært fé		1.133.542
	Veltufjármunir alls	<u>6.124.940</u>
Eignir alls		<u>6.124.940</u>

Skuldir og eigið fé

Eigið fé:		
Hagnaður (tap) ársins.....		171.302
	Eigið fé alls	<u>171.302</u>
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	31	5.025.810
Ógreitt v starfsfólks	32	1.013.020
Virðisaukaskattur		(140.319)
Skammtímaskuldir	33	55.127
	Skammtímaskuldir alls	<u>5.953.638</u>
Skuldir alls		<u>5.953.638</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>6.124.940</u>

Sundurliðanir

1.Nautgriparékt		
v. Nautgripasæðinga		96.000
	Nautgriparékt alls	<u>96.000</u>
2.Sauðfjárrækt		
Lambaskoðun ráðunautar		738.001
Lambaskoðun aðstoðarmenn		122.991
Sauðfjársæðingar		482.278
Sauðfjársvampanir		281.304
Þjónusta		24.660
	Sauðfjárrækt alls	<u>1.649.234</u>
3.Hrossarékt		
Kynbótadómar		153.000
Vallargjöld		51.000
Leiga á sónartækjum v hrossa		68.646
	Hrossarékt alls	<u>272.646</u>
5. Landnýting		
V. landnýtingar		684.000
V. landmælinga		26.700
	Landnýting alls	<u>710.700</u>

9.Vörusala		
Hrútasæði	734.508
Svampar	277.835
Sæðingataeki	25.000
	Vörusala alls	<u>1.037.343</u>
11.Námskeið og kennsla		
Kennsla án vsk	72.000
Þáttökugjöld	32.000
Fæði á námskeiðum	10.400
	Námskeið og kennsla alls	<u>114.400</u>
13.Vörur til endursölu		
Hrútasæði	684.400
Svampar	269.627
Sæðingataeki	44.214
	Vörunotkun alls	<u>998.241</u>
16.Laun og strafsmanntengdur kostnaður		
Heildarlaun og yfirvinna	9.219.053
Tryggingargjald	627.101
Lífeyrissj. séreign.mótfr. 2%	137.136
Lífeyrissj. mótframlag 6-11,5%	930.254
Sjúkra og orlofssjóður	130.498
Tryggingar starfsfólks	51.840
Námskeið starfsmanna	134.600
Vinnufatnaður	8.031
	Laun og starfsmannatengdur kostnaður	<u>11.238.513</u>
17.Aðkeypt þjónusta til endursölu		
v. Sauðfjárræktar m/vsk	766.080
v. Sauðfjárræktar án/vsk	9.350
v. Hrossaræktar m/vsk	260.309
v. Hrossaræktar án/vsk	101.055
	Þjónusta til endursölu	<u>1.136.794</u>
18.Húsnæðiskostnaður		
Rafmagn 24,5% vsk	36.595
Hiti 14% vsk	22.052
Hiti án vsk	12.477
Rekstur sameignar	38.000
Húsaleiga	889.896
Hreinlætisvörur	21.901
	Húsnæðiskostnaður	<u>1.020.921</u>
19.Rekstur áhalda og tækja		
Gjaldfærð áhöld og tæki	110.930
Gjaldfærður hugbúnaður	23.826
Gjaldfærður húsbúnaður	71.319
Vátryggingar tækja	7.183
	Rekstur áhalda og tækja	<u>213.258</u>
20.Skrifstofukostnaður		
Sími og net Hvammstangi	97.843
Sími og net Blönduós	151.500

Sími og net Hólmavík	51.128
Sími ofl án vsk	72.000
Burðargjöld án vsk	152.895
Burðargjöld m vsk	16.790
Bækur, blöð, tímarit	37.542
Rekstrarvörur v skrifstofu	54.705
Pappír, prentun, ritföng	174.146
Rekstur tölvukerfis	30.000
Skrifstofukostnaður alls	<u>838.549</u>
21. Ýmiss kostnaður	
Námskeið haldin af RHS án vsk	59.669
Námskeið haldin af RHS m vsk	11.000
Ferðakostnaður	88.757
Dagpeningar	781.600
Kaffikostnaður	20.915
Eftirlaunaskuldbindingar	389.665
Stjórn og aðalfundur	116.430
Auglýsingar m vsk	17.357
Annar kostnaður m 24,5% vsk	8.897
Annar kostnaður m 14% vsk	5.348
Annar kostnaður án vsk	10.900
Óendurkræfur innskattur	161.562
Ýmiss kostnaður alls	<u>1.672.100</u>
23. Vaxtatekjur	
Vaxtatekjur	1.554
Gengishagnaður	46.458
Vaxtatekjur alls	<u>48.012</u>
27. Skammtímakröfur	
Viðskiptamenn	4.864.810
Kröfur um áramót	126.433
Fjármagnsskattur	155
Skammtímakröfur alls	<u>4.991.398</u>
31. Viðskiptaskuldir	
Lánadrottnar	172.439
Ógreiddir reikn. um áramót	3.603.371
Ógreitt v jarðræktarverkefni V-Hún	1.250.000
Viðskiptaskuldir alls	<u>5.025.810</u>
32. Ógreitt v starfsfólks	
Ógreidd laun	605.456
Ógreiddur lífeyrissjóður	147.109
Ógreidd staðgreiðsla	260.455
Ógreitt v starfsfólks	<u>1.013.020</u>
33. Aðrar skammtímaskuldir	
Ógreitt tryggingagjald	55.127
Skammtímaskuldir alls	<u>55.127</u>

Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda

Ársreikningur 2002

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda staðfestir hér með ársreikning ársins 2002 með undirskrift sinni.

Blönduósi 12. Nóvember 2003

Í stjórn

Jón Gíslason

Rafn Benediktsson

Jóhann Ragnarsson

Framkvæmdastjóri

Gunnar Ríkharðsson

Áritun skoðunarmanna reikninga

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda höfum yfirfarið ársreikning þennan. Við teljum hann í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Blönduósi 12. Nóvember 2003

Ólafur Óskarsson

Stefán Á. Jónsson

Fundargerð aðalfundar BSAH 2002

(útdráttur)

1. Fundarsetning

Mánudaginn 6. maí 2002 var haldinn aðalfundur BSAH að Húnaþingbraut 13, Blönduósi. Jón Gíslason formaður BSAH setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og sérstaklega gest fundarins, Gunnar Sæmundsson, stjórnarmann Bændasamtaka Íslands.

2. Skipan starfsmanna

Formaður tilfnefndi starfsmenn fundarins þá Birgi Ingbórsson fundarstjóra og Tryggva Jónsson fundarritara. Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins.

1. Fundarsetning
2. Skipan starfsmanna
3. Álit kjörbréfanefndar
4. Skýrsla formanns og reikningar
5. Umræður
6. Skýrsla starfsmanna Ráðunautaþjónustunnar
7. Umræður
8. Erindi Gunnars Sæmundssonar
9. Umræður
10. Nefndarstörf
11. Afgreiðsla mála
12. Önnur mál
13. Kosningar
14. Fundarslit

3. Álit kjörbréfanefndar

Gauti Jónsson tók til máls og gerði grein fyrir álit kjörbréfanefndar en hún hafði yfirfarið tillögur og kjörgögn. Jafnframt kannaði hann mætingu og fulltrúa. Rétt kjörnir fulltrúar skv. kjörbréfum eru:

Frá Búnaðarfélagi Torfalækjarhrepps: Páll Þórðarson og Júlíus Óskarsson

Varamenn: Vilhjálmur Jónsson og Grímur Guðmundsson

Frá Búnaðarfélagi Sveinsstaðahrepps: Gunnar Ellertsson og Valur Magnússon

Varamenn Magnús Sigurðsson og Ragnar Bjarnason

Frá Búnaðarfélagi Áshrepps: Árni Bragason og Gróa Lárusdóttir

Varamenn Sigurður Þorbjörnsson og Hólmgeir Pálsson

Frá Búnaðarfélagi Bólstaðarhlíðahrepps: Friðgeir Jónasson og Þór Sævarsson

Varamenn Tryggvi Jónsson og Jakob Sigurjónsson

Frá Búnaðarfélagi Skagahrepps: Guðjón Ingimarsson og Sveinn Sveinsson

Varamenn Kristján Kristjánsson og Rafn Sigurbjörnsson

Frá Búnaðarfélagi Engihlíðahrepps: Gauti Jónsson og Kristín Jónsdóttir

Varamenn Ragnar Sigtryggsson og Einar Guðmundsson

Frá Búnaðarfélagi Svínavatnshrepps: Ægir Sigurgeirsson og Sigurður Guðmundsson

Varamenn Þorleifur Ingvarsson og Björn Björnsson

Frá Félagi kúabænda

Halldór Guðmundsson, Valgarður Hilmarsson og Pétur Pétursson

Varamenn Valur Magnússon, Jóhannes Torfason og Björn Magnússon

Frá Félagi sauðfjárbænda

Jóhanna Pálmadóttir, Einar Svavarsson og Vignir Sveinsson

Varamenn Gísli Geirsson og Gunnar Kristjánsson

Frá Samtökum Hrossabænda

Helga Thoroddsen, Stefán Berndsen og Magnús Jósefsson

Varamenn Björn Magnússon, Tryggvi Björnsson og Guðmundur Valtýsson

Engin kjörgögn bárust úr Vindhælishreppi

4. Skýrsla formanns og reikningar

Jón Gíslason formaður BSAH fór fyrst yfir reikninga búnaðarsambandsins og útskýrði einstaka liði. Á rekstrarreikningi BSAH 2001 eru tekjur og gjöld 10.421.277 kr. og er rekstrarhalli 673.425 kr. Á efnahagsreikningi BSAH eru eignir 11.015.591 kr. og skuldir 2.301.189 kr. Eigið fé 8.714.402 kr.

Á rekstrarreikningi Búfjárdeildar eru tekjur og gjöld 7.594.379 kr. og rekstrarhagnaður 440.521 kr. Eignir 339.582 kr. og skuldir engar.

Rekstrarreikningur sauðfjársæðinga 2001 sýnir rekstrarhalla 18.871 kr. en engin hreyfing var 2001 á reikningum Byggingasamtaka BSAH.

Jón sagði frá ákvörðun stjórnar að semja við Stefán Á. Jónsson að yfirfara skjöl og gömul plögg sem og hann gerði. Síðan er því haldið til haga sem geyma skal. Kostnaður var mikill við sameignina í ár en Húnaþraut 13 var máluð að utan og kostnaður BSAH var yfir 300 þús. kr.

Rekstur sæðingastöðvar hefur verið erfiður vegna langvarandi veikinda frjóttækis og í framhaldi af því er nú starfrækt í verktöku og bíll BSAH hefur verið seldur. Hann þakkaði Bændasamtöku Íslands hve vel þeir brugðust við beiðni stjórnar um fjárstyrk vegna þessa ástands.

Jón sagði að það hefði verið bráðnauðsynlegt að koma Ráðunautaðjónustunni á laggirnar og nú yrði að ákveða hvert framtíðarstarf BSAH ætti að vera og kynnti stjórnartillögu þar um. Þá kynnti hann drög stjórnar að fjárhagsáætlun BSAH í breyttum rekstri og einnig drög að fjárhagsáætlun kúasæðinga. Að síðustu ræddi Jón viðhald og breytingar á skrifstofum BSAH en kostnaður fór þar langt fram úr kostnaðaráætlun stjórnar. Tekið var lán til 5 ára að upphæð um 1.650.000 kr. og nú óskaði hann eftir samþykkt aðalfundar fyrir þessu láni.

Guðbjartur Guðmundsson tók til máls undir þessum lið og ræddi reikninga Ræktunarsambands. Tekjur og gjöld eru samtals 1.355.371 kr. Afskrifað er hlutafé í Evu hf. að upphæð 1.200.000 kr. Á efnahagsreikningi voru skuldir og eigið fé 970.301 kr. Í lok ræðu sinnar sagði Guðbjartur að við stofnun Ráðunautaðjónustunnar væri hann ekki lengur starfmaður BSAH, þar sem hann hefði starfað síðastliðin 35 ár og þakkaði hann mönnum samstarf liðinni ára.

Fundurinn þakkaði með lófataki.

5. Umræður

Fundarstjóri gaf orðið laust og til máls tók Halldór Guðmundsson

6. Skýrsla starfsmanna RHS

Anna Margrét Jónsdóttir ræddi í upphafi um starf sitt en hún er í fullu starfi sem ráðunautur og þar af vann hún nokkra mánuði hjá Landgræðslunni. Ársskýrslu 2001 hafði verið dreift á borð fundarmanna og Anna Margrét vitnaði í skrif sín og skýrslur þar og útfærði mál nánar.

Gunnar Ríkharðsson rifjaði upp tildrög að Ráðunautaþjónustunni. Hann tilnefndi tvær ástæður. Sívaxandi þrengingar í rekstri og nauðsyn að fá betri nýtingu starfsmanna með aukinni sérhæfingu. Hann taldi upp stöðugildi og starfsskyldu hvers starfsmanns. Hann sagði hægt að ná fram meiri hagræðingu t.d. með enn meiri sérhæfingu, samnýtingu sæðinga og færa meira á eina hendi ýmis smáverkefni.

7. Umræður

Enginn tók til máls.

8. Erindi Gunnars Sæmundssonar

Gunnar ræddi í upphafi búnaðarsamninginn. Gildistími er frá 2003 til 2007. Hann kvaðst nokkuð ánægður með samninginn og mál þróuðust betur en búast mátti við. Hann talaði um hagsmunagæslu fyrir bændur. Már Pétursson er ráðinn í hlutastarf hjá B.Í. og geta nú bændur hvar sem er leitað til hans. Búnaðargjald var lækkað í 2% en þrátt fyrir það halda búnaðarsamböndin sínum hlut. Lánasjóðurinn var lækkaður mest og verður nú vaxtahækkun á öllum lánum hans. Lífeyrisskuldbindingar eru sums staðar miklar og koma misjafnt niður á búnaðarsamböndin.

Hann ræddi hugmynd frá stjórnarfundum BÍ um að allir ráðunautar ynnu undir sama hatti til að bæta faglegt starf og fá fram betri nýtingu. Hann hvatti fundarmenn að fara gætilega í miklar breytingar samfara Ráðunautaþjónustunni. Alþingi samþykkti í vor að fresta gildistöku sauðfjársamnings um eitt ár því landnýtingarþátturinn er ekki nógu langt kominn. Þegar Gunnar hafði lokið máli sínu gerði fundarstjóri fundarhlé og fundarmönnum var boðið kaffi.

9. Umræður

Fundi var framhaldið og fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku: Jón Gíslason og Gunnar Sæmundsson.

Fundarstjóri Birgir Ingbórsson fór fram á það við fundinn að dagskrárliður nr. 10 nefndarstörf verði felldur niður vegna þess að áliðið sé.

Fundarmenn samþykktu beiðnina samhljóða.

11. Afgreiðsla mála

Fyrir fundinum lágu 6 tillögur sem fundarstjóri bar upp.

1. “Aðalfundur BSAH haldinn 6. maí 2002 samþykkir reikninga BSAH og Ræktunarsambands A-Hún fyrir árið 2001 eins og þeir liggja fyrir”.

Samþykkt samhljóða

2. “Aðalfundur BSAH haldinn 6. maí 2002 samþykkir að veita stjórn heimild til að veðsetja húseign sambandsins vegna endurbóta innanhúss fyrir allt að 1.700.000 kr.”. Samþykkt samhljóða.

3. “Aðalfundur BSAH haldinn 6. maí 2002 samþykkir að fela búgreinafélögunum sem aðild eiga að sambandinu að tilnefna fulltrúa sem vinni með stjórn að tillögugerð um framtíðarskipulag BSAH og leggi þær fyrir

næsta aðalfund”. Til máls um tillöguna tók Jón Gíslason. Tillagan síðan samþykkt samhljóða

4. “Aðalfundur BSAH haldinn 6. maí 2002 samþykkir að félagsgjöld verði óbreytt 3.000 kr. fyrir árið 2002”. Samþykkt samhljóða
5. “Aðalfundur BSAH haldinn 6. maí 2002 samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir BSAH vegna ársins 2002”.

Tekjur

Félagsgjöld	390.000
Húsaleiga	480.000
Tekjur frá fyrra ári	150.000

Vaxtatekjur

	50.000
Samtals	1.070.000

Gjöld

Stjórnarkostnaður	120.000
Fundir	50.000
Bókhald	120.000
Innheimtukostnaður	50.000
Afborganir láns	340.000
Fasteignagj., tryggingar og hússjóður	130.000
Endurgreitt búnaðargjald	430.000

Ógreidd laun og orlof

	370.000
Samtals	1.610.000
Samþykkt samhljóða	

6. “Aðalfundur BSAH haldinn 6. maí 2002 samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir nautgripasæðingar vegna ársins 2002”.

Tekjur

Sæðingagjöld	2.625.000
Mjólkurgjald	2.800.000
Framlög	180.000

BÍ vegna launa

	615.000
Samtals	6.220.000

Gjöld

Sæði	1.000.000
Verktaki	4.785.000
Lífeyrisskuldbindingar	70.000
Ógreidd laun frá 2001	75.000
Bókhald og innheimtukostnaður	170.000
Ýmsar rekstrarvörur	30.000

Hagnaður

	90.000
Samtals	6.220.000

Til máls um tillöguna tóku Halldór Guðmundsson, Jón Gíslason og Gísli Geirsson. Tillagan var síðan samþykkt samhljóða.

12. Önnur mál

Gunnar Ríkharðsson tók til máls og sagði að félagsmenn yrðu að gæta þess að koma sér ekki upp tvöföldu eða þreföldu kerfi í málum bænda eins og stundum vill verða í félags- og hagsmunakerfi bænda, heldur hafa einfalt og skilvirkt kerfi.

Ekki tóku fleiri til máls.

13. Kosningar

Áður en kosningar hófust bað Tryggvi Jónsson um orðið og sagðist ekki gefa kost á sér í stjórn BSAH. Hann þakkaði fundarmönnum samstarfið á liðnum árum og þó sérstaklega stjórn og starfsmönnum Búnaðarsambandsins.

Aðalmaður í stjórn BSAH í stað Tryggva Jónssonar til næstu þriggja ára var kosinn Gauti Jónsson með 8 atkvæði. Einnig voru kosnir varamenn og skoðunarmenn.

14. Fundarslit

Eftir að kosningu lauk tók Jón Gíslason til máls og þakkaði Tryggva Jónssyni samstarfið í stjórninni svo og þakkaði hann Guðbjarti Guðmundssyni sem hætt hefur störfum hjá BSAH, en hefur nú hafið störf hjá Ráðunautaþjónustunni.

Fundarstjóri Birgir Ingbórsson þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu. Hann sagði fundargerð senda heim til fundarmanna og sagði fundi slitið.

Tryggvi Jónsson
Birgir Ingbórsson

Fundargerð aðalfundar BSVH árið 2002

Þriðjudaginn 30.apríl 2002 var aðalfundur Búnaðarsambands V-Hún haldinn í Víðihlíð, og hófst fundur kl. 10.10.

Formaður BSVH, Rafn Benediktsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður gerði tillögu um að Kristján Ísfeld yrði fundarstjóri. Fundarritarar voru: Jóhannes Björnsson og Ólafur B. Óskarsson. Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Búnaðarfélagi Víðdælinga:

Ólafur Benediktsson formaður, Júlíus Guðni Antonsson fulltrúi, Ingvar J. Jóhannson fulltrúi.

Frá Búnaðarfélagi Kirkjuhvammshrepps:

Heimir Ágústsson formaður, Ellert Gunnlaugsson fulltrúi.

Frá Búnaðarfélagi Miðfirðinga:

Gísli G. Magnússon formaður, Stefán Böðvarsson fulltrúi, Haukur Stefánsson fulltrúi, Kristófer Jóhannesson fulltrúi (varamaður)

Frá Búnaðarfélagi Staðarhrepps:

Kristján Ísfeld formaður, Ásgeir Sverrisson fulltrúi.

Frá Búgreinasamtökum:

Gerður Ólafsdóttir, Félag sauðfjárbænda V-Hún

Elías Guðmundsson, Hrossaræktarsamtökum V-Hún

Skúli Einarsson, Nautgriparæktarfélag V-Hún.

Stjórnarmenn Búnaðarsambandsins: Rafn Benediktsson, Sigurður Björnsson, Tryggvi Eggertsson, Kristján Ísfeld 1. varamaður. Einnig sátu fundinn: Gunnar Sæmundsson búnaðarþingsfulltrúi, skoðunarmenn reikninga Jóhannes Björnsson og Ólafur B. Óskarsson og frá ráðunautaþjónustunni: Gunnar Ríkharðsson, Svanborg Þ. Einarsdóttir, Guðný H. Björnsdóttir.

Lögð var fram svohljóðandi dagskrá fundarins:

1. Fundarsetning og skipan starfsmanna.
2. Skýrsla formanns og reikningar BSVH.
3. Reikningar RSVH.
4. Starfsskýrsla Svanborgar Þ. Einarsdóttur.
5. Starfsskýrsla Guðnýjar H. Björnsdóttur.
6. Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda, Gunnar Ríkharðsson.
7. Erindi búnaðarþingsfulltrúa, Gunnar Sæmundsson.
8. Kosningar:
 - a) Stjórnarmaður í stað Tryggva Eggertssonar til þriggja ára.
 - b) 1. Varamaður stjórnar til þriggja ára í stað Kristjáns Ísfeld.
 - c) 2. Varamaður stjórnar til þriggja ára í stað Skúla Einarssonar.
 - d) 2 skoðunarmenn til þriggja ára í stað Jóhannesar Björnssonar og Ólafs B. Óskarssonar.
 - e) 1. Varamaður skoðunarmanna til þriggja ára í stað Stefáns Böðvarssonar.
 - f) 2. Varamaður skoðunarmanna til þriggja ára í stað Hauks Stefánssonar.
9. Málum vísað til nefnda.
10. Nefndarstörf.
11. Lagabreytingar og önnur mál.
12. Fundarslit.

Var þá gengið til dagskrár.

2. Rafn Benediktsson flutti skýrslu stjórnar, las upp og skýrði reikninga sambandsins. Skýrslu formanns og reikningum var dreift fjölrituðum til fundarmanna.

Rekstrartekjur BSVH árið 2001 voru kr. 7.533.085. Rekstrargjöld kr. 7.283.945. Hagnaður ársins kr. 249.140. Eigið fé alls samkvæmt efnahagsreikningi kr. 13.511.099. Rekstrartekjur kúasæðinga vor kr. 3.823.832. Rekstrargjöld kr. 4.331.432. Halli í þeim rekstri kr. 507.600.

3. Reikningar RSVH.

Gunnar Þórarinnsson fór yfir reikninga RSVH og skýrði þá. Rekstrartekjur alls voru kr. 456.400. Rekstrargjöld 570.493. Fjármagnsgjöld 66.006. Skattar 58.801. Afkoma af starfsemi eftir skatta neikvæð kr. 238.900. Eigið fé alls samkvæmt efnahagsreikningi kr. 4.001.893. Þá var orðið gefið laust um skýrslu formanns og reikninga.

Gunnar Sæmundsson ræddi um málaferli Guðrúnar Benediktsdóttur gegn BSVH og niðurstöður héraðsdóms Reykjavíkur í því máli. Var hann mjög ósáttur við niðurstöðu málsins í heild, þó að BSVH hafi verið sýknað af kröfum í málinu.

Heimir Ágústsson spurði hvort búið væri að leggja niður Búnaðarfélag Þverárhrepps. Ræddi félagsmálakerfi bænda, stöðu búnaðarfélaga og búgreinafélaga. Minntist á halla vegna kúasæðinga á undanförunum árum. Ræddi um stöðu RSVH og slátrunarmál á s.l. hausti.

Ólafur Benediktsson ræddi um lífeyrisskuldbindingar á rekstrarreikningi og skuldir viðskiptamanna.

Júlíus Guðni Antonsson ræddi hvort leggja ætti niður og hvaða verð fengist fyrir tæki sambandsins. Ræddi um félagskerfi bænda, vildi efla búgreinafélög, vildi láta athuga um að fækka búnaðarfélögum. Ræddi halla á kúasæðingum og vildi láta taka á því máli, þannig að kúasæðingar stæðu undir sér, annað væri alls ekki hægt og yrði þá að hækka þjónustugjöldin ef annað dygði ekki.

Kristján Ísfeld ræddi um búnaðarfélögin og þá sérstaklega Búnaðarfélag Þverárhrepps og litla starfsemi þar.

Rafn Benediktsson svaraði framkomnum fyrirspurnum. Hann vissi ekki til þess að búið væri að leggja niður Búnaðarfélag Þverárhrepps. Þá ræddi hann um kúasæðingar og taldi sig sjá þar fram á bættu stöðu á þessu ári.

Kristján Ísfeld ræddi um fund sem haldinn var á Borðeyri 20. júlí s.l. um slátrunarmál, varðandi Goða h.f. og slátrun sauðfjár s.l. haust.

4. **Starfsskýrsla Svanborgar Þ. Einarsdóttur.** Svanborg fór yfir helstu þætti í starfi sínu á s.l. ári. Starfsskýrslunni var dreift fjölritaðri til fundarmanna.
5. **Starfsskýrsla Guðnýjar H. Björnsdóttur.** Guðný fór yfir helstu þætti í starfi sínu á s.l. ári, en hún er í hlutastarfi sem ráðunautur í nautgriparækt. Starfsskýrslunni var dreift fjölritaðri til fundarmanna.
6. **Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda.** Gunnar Ríkharðsson forstöðumaður Ráðunautaþjónustunnar flutti erindi um starfsemina, uppbyggingu hennar og fyrirkomulag. Markmið með stofnun Ráðunautaþjónustunnar var einkum að ná fram hagræðingu í rekstri og einnig að fá fram faglega sterkari einingu. Helstu gallar við þetta fyrirkomulag væru meiri ferðakostnaður og minni nálægð við bændur. Starfsstöðvar væru á Blönduósi, Hvammstanga og Hólmavík, en landfræðilega væri ekki hægt að vera með eina sterka leiðbeiningastöð á svæðinu, þótt það væri faglega séð æskilegt. Tekjur eru bein framlög frá ríkinu og af búnaðargjaldi frá bændum og skiptist það nokkuð jafnt. Þó taldi hann að tekjur af seldri þjónustu mundi aukast á næstu árum. Hjá Ráðunautaþjónustunni starfa 6 ráðunautar í 3,35 stöðugildum. Þá ræddi hann lífeyrissjóðsskuldbindingar og taldi að þær ættu að fara til ríkisins. Hann sagði að reksturinn væri í járnnum og að síðustu hvatti hann bændur til að nýta sér þjónustuna.
7. **Erindi búnaðarþingsfulltrúa,** Gunnars Sæmundssonar. Hann fór yfir samþykktir þingsins og skýrði hvað liggur þeim til grundvallar. Hann ræddi einnig ýmis mál

sem fjallað hefur verið um í stjórn Bændasamtakanna. Einnig ræddi hann nokkuð um þjóðlendumál og úrskurð óbyggðanefndar í Árnassýslu. Til máls tóku undir þessum lið: Rafn Benediktsson, Heimir Ágústsson, Ingvar J. Jóhannsson, Júlíus Guðni Antonsson, Ólafur B. Óskarsson og Gísli G. Magnússon. Þeir ræddu fram komin erindi vítt og breitt og báru fram fyrirspurnir. Að þeim umræðum loknum svöruðu Gunnar Sæmundsson, Gunnar Ríkharðsson, Rafn Benediktsson, Svanborg Þ. Einarsdóttir og Guðný H. Björnsdóttir þeim fyrirspurnum sem fram höfðu komið.

8. Kosningar.

- a) Stjórnarmaður til þriggja ára í stað Tryggva Eggertssonar. Tryggvi kvaddi sér hljóðs og tilkynnti að hann gæfi ekki kost á sér til endurkjörs. Hann færði stjórnarmönnum og starfsfólki BSVH þakkir fyrir samstarf á liðnum árum. Kosinn var í stjórn BSVH Kristján Ísfeld með 7 atkvæðum.
- b) Kosinn 1.varamaður í stjórn í stað Kristjáns Ísfeld. Kosningu hlaut Skúli Einarsson með 6 atkvæðum.
- c) Kosinn 2. varamaður í stjórn í stað Skúla Einarssonar. Kosningu hlaut Gunnar Þórarinsson með 5 atkvæðum.
- d) Kosnir 2 skoðunarmenn til þriggja ára. Endurkosnir voru með lófataki Jóhannes Björnsson og Ólafur B.Óskarsson.
- e) 1. varamaður skoðunarmanna til þriggja ára. Endurkosinn með lófataki Stefán Böðvarsson.
- f) 2. varamaður skoðunarmanna til þriggja ára. Endurkosinn var með lófataki Haukur Stefánsson.

9. Málum vísað til nefnda.

Júlíus Guðni Antonsson tók til máls og ræddi um gjaldtöku af þeim sem eru í Hrossaréktarsamtökum V-Hún til BSVH og lagði til breytta aðferð við innheimtu þeirra. Taldi eðlilegt að þetta væri gjaldtaka af hverju lögbýli og BSVH sjái sjálft um innheimtu. Málinu vísað til fjárhagsnefndar.Á fundinum starfa eftirtaldar nefndir:

Fjárhagsnefnd:

Sigurður Björnsson.
Stefán Böðvarsson.
Jóhannes Björnsson.
Ólafur B. Óskarsson.
Júlíus Guðni Antonsson.

Allsherjarnefnd:

Kristján Ísfeld.
Ellert Gunnlaugsson.
Ólafur Benediktsson.
Ásgeir Sverrisson.
Gerður Ólafsdóttir.

Búnaðarmálanefnd:

Tryggvi Eggertsson.
Haukur Stefánsson.
Heimir Ágústsson.
Gísli Magnússon.
Elías Guðmundsson.
Kristófer Jóhannesson.

Ingvar J. Jóhannsson.
Var þá gert fundarhlé til nefndarstarfa.

10. Nefndarálit lögð fram.

1) Allsherjarnefnd, framsögumaður Ólafur Benediktsson.
Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.4. 2002 skorar á stjórn BÍ að greiða allan útlagðan kostnað BSVH vegna máls Guðrúnar Benediktsdóttur gegn ríkinu og BSVH. Tillagan samþykkt samhljóða.

Frá búnaðarmálanefnd.

1) Framsögumaður Skúli Einarsson.

Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.apríl 2002 skorar á sauðfjárveikivarnir og yfirdýralæknisembættið að sjá til þess að varnargirðingum verði komið í lag strax nú í vor. Augljóst er að til þess að fá fólk til starfa við verkefnið verður að bjóða sambærileg laun og bjóðast við svipuð störf. Benda má á að óvíst er hvort kláði hefði komið upp í Miðfjarðarhólfi ef girðingar hefðu verið í lagi.

Til máls um tillöguna tók Rafn Benediktsson. Tillagan samþykkt samhljóða.

Framsögumaður Skúli Einarsson.

2) Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.apríl 2002 fer þess eindregið á leit við sláturleyfishafa að þeir sjái til þess að markskoðun sé með viðunandi hætti í sláturhúsum þeirra. Til máls um tillöguna tók Júlíus Guðni og vakti athygli á að lög væru til um markskoðun í húsunum en þeim væri ekki framfylgt. Tillagan samþykkt samhljóða.

3) Framsögumaður Skúli Einarsson.

Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.apríl 2002. Fer þess á leit við Bændasamtök Íslands að þau beiti sér fyrir því að sett verði lög á Alþingi er geri það að skyldu að skoðuð séu mörk eða merki er sanna eignarhald á sláturfénaði við framvísun í sláturhúsi. Tillagan samþykkt samhljóða.

Skúli Einarsson lagði eftirfarandi fyrir fundinn. Tilmæli til stjórnar að vinna að því að flýtt verði sem kostur er að bændur á svæðinu eigi kost á ISDN tengingu. Fundarmenn tóku undir þessi tilmæli.

Frá fjárhagsnefnd:

Framsögumaður Júlíus Guðni.

1) Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.apríl 2002 leggur til að reikningar BSVH og RSVH verði samþykktir eins og þeir liggja fyrir. Tillagan samþykkt samhljóða.

2) Framsögumaður Júlíus Guðni.

Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.apríl 2002 samþykkir að umsjón með rekstri og bókhaldi Ræktunarsambands V-Hún. færist til formanns BSVH miðað við síðustu áramót. Tillagan samþykkt samhljóða.

3) Framsögumaður Júlíus Guðni.

Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.4. 2002 samþykkir að þóknun til formanns fyrir vinnu, notkun á síma, tölvu og aðra aðstöðu sem til þarf verði 5 % af rekstrartekjum kúasæðinga og Ræktunarsambands V-Hún og auk þess kr. 6000 fyrir hvern fund auk aksturskostnaðar. Þóknun til annarra stjórnarmanna verði kr. 3000 fyrir hvern fund auk aksturskostnaðar. Tillagan samþykkt samhljóða.

4) Framsögumaður Júlíus Guðni.

Aðalfundur BSVH haldinn í Víðihlíð 30.apríl 2002 beinir því til stjórnar að kannað verði með hvaða hætti innheimta félagsgjalda fari fram hjá öðrum búnaðarsamböndum og í framhaldi af því unnar tillögur fyrir næsta aðalfund BSVH hvernig innheimta félagsgjalda á félagssvæðinu verði best fyrir komið. Tillagan samþykkt samhljóða.

5) Framsögumaður Rafn Benediktsson.

Áætlun um kúasæðingar árið 2002.

Rekstrartekjur:		Rekstrargjöld:	
Endurgreidd laun.	350.000	Verktakagreiðsla.	2.400.000
Sæðingargjöld.	1.200.000	Nautastöð, sæði	750.000
Sæðingargjald af mjólk.	1.600.000	Ýmis kostnaður	150.000
Aðrar tekjur.	170.000	Samtals kr.	3.300.000
		Hagnaður	20.000
Samtals kr	3.320.000	Samtals kr	3.320.000

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga frá allsherjarnefnd.

Framsögumaður Kristján Ísfeld.

Lagabreytingar við 3.gr. Í staðinn fyrir Búnaðarfélag Ytri-Torfustaðahrepps og Búnaðarfélag Fremri-Torfustaðahrepps komi Búnaðarfélag Miðfirðinga og í stað Búnaðarfélags Þorkelshólshrepps komi Búnaðarfélag Víðdælinga.

Breytingar við 14.grein Í staðinn fyrir þar sem talað er um Héraðsnefnd Vestur-Húnaavatnssýslu í greininni komi sveitarstjórn Húnaþings vestra. Tillagan samþykkt samhljóða.

Önnur mál:

Gunnar Sæmundsson ræddi málefni Bændahallarinnar og hugsanlega sölu hennar.

Haukur Stefánsson ræddi um forðagæslu og sagðist ekki hafa fengið fyrirmæli um sérstaka talningu vegna uppkaupa á greiðslumarki á sauðfé. Hinsvegar væri í lögum almenn ákvæði um talningu búfjár.

Júlíus Guðni spurðist fyrir um tæknileg atriði varðandi ISDN tengingu. Einnig ræddi hann fyrirkomulag ráðunautaþjónustu og hugsanlega eina starfsstöð á svæði ráðunautaþjónustunnar.

Gunnar Sæmundsson skýrði ýmis atriði varðandi þjóðlendumál vegna fyrirspurna fundarmanna.

Kristján Ísfeld þakkaði Tryggva Eggertssyni gott og farsælt samstarf á liðnum árum.

Rafn Benediktsson færði Tryggva Eggertssyni þakkir fyrir gott samstarf á liðnum árum og bauð nýjan stjórnarmann velkominn til starfa.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir fundarsetuna og riturum fundarins þeirra störf og sagði fundi slitið.

Jóhannes Björnsson, ritari (sign)

Ólafur B. Óskarsson, ritari (sign)

Fundargerð aðalfundar BSS árið 2002

(Útdráttur)

Miðvikudaginn 12. júní 2002 var aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn að Laugarhóli.

1. Jóhann Ragnarsson formaður setti fundinn klukkan 9 árdegis og bauð fundarmenn velkomna. Hann skipaði síðan Hafdís Sturlaugsdóttur fundarstjóra og Rögnvald Gíslason fundarritara og gaf Brynjólfi Sæmundssyni orðið. Brynjólfur minntist Guðmundar P. Valgeirssonar með nokkrum vel völdum orðum, en hann lést á árinu. Fundarmenn risu úr sætum til heiðurs Guðmundi.

Fundarstjóri tók til starfa, lagði fram dagskrá og skipaði Hjalta Guðmundsson, Snævar Guðmundsson og Baldur Sigurðsson í kjörbréfanefnd. og tók hún þegar til starfa.

2. Álit kjörbréfanefndar: Framsögumaður Snævar Guðmundsson

Kjörbréfanefnd taldi kjörbréf gild, eftirtaldir voru mættir:

Frá Búnaðarfélagi Bæjarhrepps: Jóhann Ragnarsson

Frá Búnaðarfélagi Bitru: Rögnvaldur Gíslason

Frá Búnaðarfélagi Kirkjubólshrepps: Reynir Björnsson

Frá Búnaðarfélagi Nauteyrahrepps: Kristbjörg Árnadóttir og Snævar Guðmundsson

Frá Búnaðarfélagi Kaldrananeshrepps: Baldur Sigurðsson og Ingi Vífill Ingimarsson

Frá Búnaðarfélagi Árneshrepps: Hjalti Guðmundsson

Enginn mættur frá Búnaðarfélögi Fellshrepps né frá Búnaðarfélagi Hólmavíkurhrepps.

Kjörbréf samþykkt .

3. Reikningar Búnaðarsambandsins:

Gjaldkeri Hafdís Sturlaugsdóttir las og skýrði reikninga Búnaðarsambandsins. Tap á rekstri kr. 354.598 og hrein eign í árslok kr. 5.862.570. Hún tilkynnti að hún gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi starfa.

Hjalti lagði til að banki yrði fenginn til að innheimta útistandandi félagsskuldir og spurði um hvort hlutafé í Norðvesturbandalaginu væri einhvers virði. Hafdís taldi hæpið að láta banka innheimta búfjárgjöldin. Hún taldi að það þyrfti að taka ákvörðun um að afskrifa hlutafé í Norðvesturbandalaginu og kannski fleiri skuldir.

Jóhann ræddi um hlutafé og hvatti búnaðarfélögin til að láta banka innheimta gjöldin fyrir sig.

Hafdís lagði fram eftirfarandi tillögu:

“Aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn að Laugarhóli 12. júní 2002 samþykkir að afskrifa að fullu hlutabréf BSS í Norðvesturbandalaginu. Einnig að veita gjaldkera heimild til að afskrifa smáskuldir sem ekki er séð að innheimtist.”

Samþykkt samhljóða

Reikningar samþykktir samhljóða.

4. Skýrsla stjórnar:

Jóhann Ragnarsson formaður greindi frá því helsta sem stjórnin hafði gert síðasta árið.

5. Skýrsla héraðsráðunauts: Brynjólfur Sæmundsson sagði frá sínum störfum.

6. Umræður:

Snævar þakkaði skýrslur og hvatti til að haldið yrði áfram að halda námskeið. Hjalti þakkaði skýrslur þó þær væru með styttra móti. Hann tók undir með Snævari með nauðsyn á námskeiðum. Hann þakkaði stjórninni hennar störf. Jóhann sagði að námskeiðin yrðu væntanlega á vegum Ráðunautaðjónustunnar framvegis. Það væri gagnlegt að fá hugmyndir að námskeiðum frá félagsmönnum. Brynjólfur greindi frá námskeiði í dkbúbót á Hólmavík á morgun. Hafdís ræddi um námskeiðin og fundarstjóri lagði til að kosningar væru fluttar fram fyrir ávörp gesta og var það samþykkt. Síðan var gert kaffihlé.

Að loknu kaffihléi lagði gjaldkeri fram eftirfarandi tillögu stjórnar BSS: “Aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn að Laugarhóli 12. júní 2002 samþykkir að félagsgjald til Búnaðarsambands Strandamanna verði kr. 2.000 á bú innan sambandsins. Búnaðarsamband Strandamanna sér um innheimtu á gjaldinu”. Samþykkt samhljóða.

7. Kosningar:

- a) Stjórnarmaður í stað Hafdísar Sturlaugsdóttur: Kosin var Kristbjörg Lóa Árnadóttir með 6 atkvæðum
- b) Varastjórnarmaður í stað Þórðar Halldórssonar: Hann var endurkosinn með 5 atkvæðum.
- c) Skoðunarmaður í stað Guðfinns Finnbogasonar: Guðfinnur endurkosinn
- d) Varaskoðunarmaður: Kosinn var Guðjón Jónsson með 2 atkvæðum

8. Önnur mál:

Rætt um sölumál á kjöti og ull og um gæðastýringu í sauðfjárrækt. Hafdís kynnti bréf frá Framleiðnisjóð um styrk til bænda vegna afkvæmarannsókna. BSS. hefur komið þessum styrk til skila til bænda með afslætti til bænda af vinnu við afkvæmarannsóknir. Þá var tekið matarhlé en að því loknu var fundi framhaldið.

9. Ávarp gesta:

Ávarp búnaðarþingsfulltrúa Georgs Jóns Jónssonar:

Hann ræddi um Búnaðarþing þar sem byggðamál var eitt stærsta málið. Hann ræddi um hugmyndir um að færa ráðgjafaðjónustuna á einn stað. Hann talaði um fyrirhugaðar breytingar á búnaðargjaldi.

Ávarp framkvæmdastjóra Ráðunautaðjónustunnar Gunnar Ríkharðssonar:

Hann fræddi fundinn um ráðunautaðjónustuna og talaði um kosti hennar og galla. Hann kynnti ráðunautana á stöðinni og talaði um að nauðsynlegt væri að skipuleggja starfið vel. Fjárhagurinn stendur í járnum.

Ávarp stjórnarmanns Bændasamtaka Íslands Gunnars Sæmundssonar:

Búnaðarsamningurinn er kominn í höfn og meðal annars er þar komið inn ákvæði um styrk til kölkunar túna. Búið er að ráða lögfræðing til Bændasamtakanna í hluta starfi sem að bændur geta leitað til. Hann bætti við það sem Georg sagði frá Búnaðarþingi. Hann ræddi um lífeyrisskuldbindingar Búnaðarsambandanna sem að er verulegur baggi á sumum þeirra en en rætt er um að Bændasamtökin yfirtaki þær. Þá er farið að tala um að ráðgjafastarfsemin fari undir einn hatt. Hann ræddi um ný lög um búfjárhald og forðagæslu og um ný girðingarlög. Ný jarða og ábúðalög væntanleg.

Bændasamtökin styðja ekki Evrópusamtöksaðild. Sölustarf á kindakjöti beið hnekki við gjaldprot Goða. Ef salan verður sæmileg í sumar gætu orðið um 800 tonn í birgðum í haust og útflutningsskyldan þá um 28 %. Fjárfjöldi hefur aukist milli ára. Hann ræddi um sauðfjársamninginn sem að nú er í gildi og varaði við að taka hann upp nú

Hjalti Þakkaði erindi og spurði um úthlutun á greiðslumarki á jaðarsvæði.

Brynjólfur Þakkaði gestum og varaði við upptöku sauðfjársamningsins hann ræddi sölumál kindakjöts og um væntanleg jarðalög og jarðanefnd.

Hafdís Þakkaði erindi og nefndi námskeiðahaldið og gagnrýndi kjötframboðið í kaupfélaginu. Hún ræddi gæðastýringu.

Jóhann Þakkaði framsögu og Þakkaði Hafðísi fyrir hennar störf og bauð Kristbjörgu velkomna til starfa.

Georg kom inn á útflutning og óútfyllta útflutningsskyldu.

Gunnar Sæmundsson ræddi sauðfjársamninginn og um slátur og kjötsölu og um jarðanefndir. Hann upplýsti að búið væri að einfalda gæðahandbók og sagði að 7.500 ærgildin sem að á að úthluta á jaðarsvæði lægju hjá Byggðastofnun.

Fundarritari las upp fundargerð og voru engar athugasemdir gerðar við hana.

Fundarstjóri sleit fundi klukkan 15:00

Hafdís Sturlaugsdóttir,
Fundarstjóri.

Rögnvaldur Gíslason,
fundarritari.

Fundargerð aðalfundar BSAH árið 2003 (útdráttur)

Fundarsetning og skipan starfsmanna

Miðvikudaginn 7. maí 2003 var haldinn aðalfundur BSAH að Húnabraut 13, Blönduósi. Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Birgir Ingbórsson var skipaður fundarstjóri, Gauti Jónsson ritar, var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Skipan starfsmanna
3. Álit kjörbréfanefndar
4. Skýrsla formanns og búnaðarþingsfulltrúa
5. Umræður
6. Skýrsla starfsmanna Ráðunautaþjónustunnar
7. Umræður
8. Tillögur lagðar fram
9. Afgreiðsla mála
10. Kosning fulltrúa á Búnaðarþing
11. Kosningar
12. Önnur mál
13. Fundarslit

Álit kjörbréfanefndar

Páll Þórðarson gerði grein fyrir álit kjörbréfanefndar; eftirtaldir fulltrúar voru mættir á fundinn:

Búnaðarfélag Torfalækjarhrepps : Júlíus Óskarsson og Páll Þórðarson

Búnaðarfélag Svínavatnshrepps: Ægir Sigurgeirsson og Þorleifur Ingvarsson

Búnaðarfélag Skagahrepps: Guðjón Ingimarsson og Baldvin Sveinsson

Búnaðarfélag Engihlíðarhrepps: Gauti Jónsson og Kristín Jónsdóttir

Búnaðarfélag Áshrepps: Árni Bragasonn

Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps: Valur Magnússon og Gunnar Ríkharðsson

Félag Sauðfjábænda í A-Hún: Gunnar Ellertsson og Gísli Geirsson

Félag Hrossabænda í A-Hún: Björn Magnússon, Guðmundur Valtýsson og Valur Valsson

Félag Kúabænda í A-Hún: Jens Jónsson og Magnús Sigurðsson

Búnaðarfélag Bólstaðarhlíðarhrepps: Kjörbréf barst ekki og engir fulltrúar mættu.

Skýrsla formanns og reikningar

Formaður Jón Gíslason lagði fram reikninga Búnaðarsambands A-Hún og Ræktunarsambandsins fyrir árið 2002. Var þeim dreift til fundarmanna, fór formaður yfir einstaka liði reikninga og skýrði fyrir fundarmönnum. Hagnaður á síðasta ári var rúmar 320.000 kr. Engin starfsemi var á vegum Ræktunarsambands A-Hún. Einnig fór formaður yfir störf Búnaðarþings og skýrði einstakar ályktanir þingsins.

Umræður

Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundarstjóri bar síðan upp reikninga Búnaðarsambands og Ræktunarsambands til afgreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða.

Skýrsla starfsmanna Ráðunautaþjónustunnar.

Gunnar Ríkharðsson fór yfir starfssemi Ráðunautaþjónustunnar á síðasta ári. Fram kom m.a. að haldin hafa verið námskeið í gæðastýringu og bændabókhaldi. Telur að leggja þurfi meiri áherslu á leiðbeiningar í búrekstri og nautgriparækt. Hvatti menn til meiri samskipta.

Umræður

Til máls tóku Magnús Sigurðsson og Gísli Geirsson í bundnu máli.

Tillögur lagðar fram

Tillaga 1. „Aðalfundur BSAH og Ræktunarsambands A-Hún haldinn 7. maí 2003 samþykkir að leggja niður Ræktunarsamband Austur-Húnavatnssýslu kt. 670478-0419 og afhenda Búnaðarsambandi Austur-Húnavatnssýslu kt. 570774-0189 eignir þess. Fundurinn samþykkir að stofnaður verði sjóður hjá BSAH um þá fjármuni sem Ræktunarsambandið átti í þeim tilgangi að efla jarðrækt í Austur-Húnavatnssýslu. Stjórn BSAH verði falið að útfæra reglur um notkun sjóðsins og leggja þær fyrir næsta aðalfund.“

Samþykkt samhljóða

Tillaga 2 „Aðalfundur BSAH og Ræktunarsambands A-Hún haldinn 7. maí 2003 beinir því til stjórnar að vinna að breytingu á reglugerð nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna riðuniðurskurðar. Í þeim tilgangi kalli stjórn saman hagsmunaaðila í héraði sem móti tillögur sem lagðar verði til grundvallar kröfugerð heimamanna. Jafnframt felur fundurinn stjórn að fá yfirdýralækni á fund þar sem sjónarmið heimamanna verði kynnt.“

Samþykkt samhljóða

Tillaga 3 „Aðalfundur BSAH og Ræktunarsambands A-Hún haldinn 7. maí 2003 samþykkir að árgjald til BSAH 2003 verði kr. 3.000.“

Samþykkt samhljóða

Tillaga 4 „Aðalfundur BSAH og Ræktunarsambands A-Hún haldinn 7. maí 2003 samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun kúasæðinga vegna ársins 2003“

Tekjur

Mjólkurgjald	2.900.000
Sæðingagjöld	2.400.000
Opinber framlög	1.000.000
Vaxtatekjur	25.000
	<u>6.325.000</u>

Gjöld

Sæði	1.100.000
Verktaki	4.600.000
Bókhald o.fl.	200.000
Lífeyrissjóður	100.000
Hagnaður	325.000
	<u>6.325.000</u>

Samþykkt samhljóða

Tillaga 5 „Aðalfundur BSAH og Ræktunarsambands A-Hún haldinn 7. maí 2003 samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir BSAH árið 2003“

Tekjur

Félagsgjöld	411.000
Leigutekjur	<u>489.000</u>
	900.000

Gjöld

Jarðanefnd	25.000
Endurskoðun og bókhald	70.000
Stjórnarlaun o.fl.	130.000
Auglýsingar o.fl.	15.000
Rekstur húss	130.000
Vaxtagjöld og baknakostn.	130.000
Hagnaður	<u>400.000</u>
	900.000

Samþykkt samhljóða

Afgreiðsla mála

Til máls tóku Þorleifur Ingvarsson, Jón Gíslason, Björn Magnússon, Birgir Ingbórsson, Gunnar Ríkharðsson, Magnús Sigurðsson og Guðmundur Valtýsson. Sérstaklega ræddu menn efni tillögu 2.

Kosning fulltrúa á Búnaðarþing

Kostinn var Jón Gíslason Stóra-Búrfelli sem fulltrúi Austur-Hún á Búnaðarþing næstu 4 árin með 17 atkvæðum. Varafulltrúi Ragnar Bjarnason, Norðurhaga með 5 atkvæðum.

Kosningar

- 1 maður í stjórn í stað Jóns Gíslasonar. Kosinn var Jón Gíslason, Stóra-Búrfelli með 12 atkv.
- 3 varamenn í stjórn í stað Ægis Sigurgeirssonar, Vals Magnússonar, Þorleifs Ingvarssonar. Kosnir voru Ægir Sigurgeirsson m. 16 atkv, Valur Valsson m. 10 atkv. og Þorleifur Ingvarsson m. 10 atkv.

Önnur mál

Til máls tóku Gunnar Ríkharðsson og Jón Gíslason sem þakkaði það traust sem honum væri sýnt með endurkjöri sem formaður BSAH og fulltrúi á Búnaðarþing næstu fjögur árin.

Fundarslit

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fundarsetu og sagði fundi slitið. Fól fundarritara að ganga frá ritun fundargerðar. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Birgir Ingbórsson

Gauti Jónsson

Fundargerð aðalfundar BSVH árið 2003

Miðvikudaginn 30.apríl 2003 var aðalfundur Búnaðarsambands V-Hún haldinn í Hamarsbúð, og hófst fundur kl. 13.10.

Formaður BSVH, Rafn Benediktsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður gerði tillögu um Kristján Ísfeld sem fundarstjóra. Fundarritarar voru: Jóhannes Björnsson og Ólafur B. Óskarsson. Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Búnaðarfélagi Víðdælinga:

Ólafur Benediktsson formaður, Sigtryggur Sigurvaldason fulltrúi, Ingvar J. Jóhannson fulltrúi.

Frá Búnaðarfélagi Kirkjuhvammshrepps:

Kristín Guðjónsdóttir fulltrúi, Loftur Guðjónsson varaformaður.

Frá Búnaðarfélagi Miðfirðinga:

Gísli G. Magnússon formaður, Haukur Stefánsson fulltrúi, Kristófer Jóhannesson fulltrúi

Frá Búnaðarfélagi Staðarhrepps:

Kristján Ísfeld formaður, Ásgeir Sverrisson fulltrúi.

Frá Búgreinasamtökum:

Þorsteinn Sigurjónsson, Félag sauðfjárbænda V-Hún

Magnús Lárusson, Hrossaræktarsamtökum V-Hún

Skúli Einarsson, Nautgriparæktarfélag V-Hún.

Stjórnarmenn BSVH sem ekki eru jafnframt fulltrúar: Rafn Benediktsson, Sigurður Björnsson. Einnig sátu fundinn Gunnar Þórarinnsson reikningshaldari RSVH, skoðunarmenn reikninga: Jóhannes Björnsson og Ólafur B. Óskarsson og frá ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda: Gunnar Ríkharðsson.

Lögð var fram svohljóðandi dagskrá fundarins:

13. Fundarsetning og skipan starfsmanna.

14. Skýrsla formanns og reikningar BSVH.

15. Reikningar RSVH.

16. Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda, Gunnar Ríkharðsson.

17. Hólaskóli, háskólamenntun á landsbyggðinni, Skúli Skúlason.

18. Kosningar:

a) Formaður til þriggja ára í stað Rafns Benediktssonar.

19. Málum vísað til nefnda.

20. Nefndarstörf.

21. Önnur mál.

22. Fundarslit.

Var þá gengið til dagskrár.

2. Rafn Benediktsson flutti skýrslu stjórnar, og las upp og skýrði reikninga sambandsins. Skýrslu stjórnar og reikningum var dreift fjölrítuðum til fundarmanna.

Rekstrartekjur BSVH árið 2002 voru kr. 1.386.405. Rekstrargjöld kr. 1.038.652.

Hagnaður fyrir óreglulega liði kr. 347.753. Tap af eignarhlut í NVB kr. 3.642.188.

Tap ársins kr. 3.294.435. Eigið fé alls samkvæmt efnahagsreikningi kr. 10.912.391.

Rekstrartekjur kúasæðinga kr. 4.072.771. Rekstrargjöld kr. 3.343.045. Hagnaður af þeim rekstri kr. 729.726.

3. Reikningar RSVH.

Gunnar Þórarinnsson fór yfir reikninga RSVH og skýrði þá. Rekstrartekjur kr. 271.575. Rekstrarkostnaður 332.168. Fjármagnstekjur 52.133. Tap af reglulegri starfsemi 8.460. Eignaskattur 12.438. Tap af sölu eigna 1.920.436. Tap ársins alls 1.941.334. Eigið fé alls samkvæmt efnahagsreikningi kr. 2.060.649. Að loknum framsögum um skýrslu stjórnar og reikninga BSVH og RSVH var orðið gefið laust til umræðna, en engar umræður urðu um þessa liði.

11. Ráðunautaþjónusta Húnaþings og Stranda.

Gunnar Ríkharðsson flutti erindi um starfsemi ráðunautaþjónustunnar. Í máli hans kom fram m.a. Markmið ráðunautaþjónustunnar var að efla faglegt starf, en ekki er kominn mikil reynsla á starfseminum ennþá. Hann fór yfir mannahald hjá ráðunautaþjónustunni og fór yfir helstu störf á árinu. Keyptar voru tvær ómsjár á s.l. hausti. Reynt var að samræma vinnu frá þjónustumiðstöð. Fram kom að nokkuð er um það að bændur væru farnir að sæða sitt sauðfé sjálfir og gæti aukning á því orðið til þess að hækka kostnað við sauðfjársæðingar. Hann sagði frá námskeiðum sem haldin hafa verið á vegum ráðunautaþjónustunnar. Fréttabréf hafa verið gefin út um það bil einu sinni í mánuði og ræddi einnig um að nýta Bændablaðið til að koma fréttum þjónustunnar á framfæri. Þá taldi hann að bændur ættu að nýta sér tölvupóst meira en gert er. Sagði frá nýjum lögum um búfjárefirlit. Ráðunautaþjónustan hefur tekið að sér búfjárefirlit í A-Hún, en hann taldi þetta ekkert sérstaklega áhugavert verkefni fyrir ráðunautaþjónustuna, nema hægt væri að nýta ráðunautana til þess. Að loknu erindi Gunnars var orðið gefið laust til umræðna

Gunnar Þórarinnsson þakkaði ráðunautaþjónustunni þjónustu sem hann hefur fengið á árinu. Spurðist fyrir um hvaða þjónusta væri seld. Sagði sauðfjársæðingar hafa hækkað geysilega milli ára, standa þyrfti betur að skipulagi á þeim, sérstaklega varðandi akstur.

Kristján Ísfeld ræddi um forðagæslu og talningu sauðfjár, sagði talningu ekki framkvæmda alls staðar á landinu. Einnig ræddi hann um sauðfjársæðingar og kostnað við þær.

Rafn Benediktsson þakkaði Gunnari fyrir hans erindi, sagði störf ráðunautaþjónustunnar í mótun og því ekki óeðlilegt að ýmsir vankantar kæmu fram í byrjun, en úr því yrði að vinna. Kostnað við sauðfjársæðingar yrði að taka til skoðunar. Var ánægður með fréttabréf ráðunautaþjónustunnar.

Gunnar Ríkharðsson svaraði fyrirspurnum sem komið höfðu fram varðandi sauðfjársæðingar. Setja þyrfti reglur um sæðingar, hvort allir ættu sama rétt, án tillits til vegalengdar og fjölda fjár sem sætt er. Sagði búfjárefirlit mjög misjafnlega framkvæmt, sums staðar væri búfé talið, en annars staðar ekki. Ræddi um búfjarræktarlögin og framkvæmd þeirra.

Kristján Ísfeld, sagði frá námskeiði sem hann fór, á varðandi störf búfjárefirlitsmanna.

Þorsteinn Sigurjónsson þakkaði framlagðar skýrslur og reikninga BSVH. Ræddi um störf ráðunautaþjónustunnar og taldi athugandi að ráðunautaþjónustan tæki að sér búfjárefirlit og vildi að það yrði skoðað. Hann taldi gott að ráðunautur kæmi á hvern bæ til skrafs og ráðagerðar við bændur og hlustaði á þeirra mál.

Gunnar Þórarinnsson ræddi um skiptingu á seldri þjónustu frá ráðunautaþjónustunni og spurði hvort hún væri eingöngu vegna sauðfjarræktar.

Ingvar J. Jóhannsson ræddi um kostnað vegna héraðssýninga á hrossum og taldi þann kostnað of háan á s.l. ári.

Gunnar Ríkharðsson svaraði fram komnum fyrirspurnum m.a. um kostnað vegna ómskoðunar. Það þyrfti að taka til athugunar á næsta aðalfundi ráðunautaþjónustunnar. Einnig ræddi hann kostnað vegna héraðssýningar á hrossum.

Magnús Lárusson spurðist fyrir um heimasíðu ráðunautaðjónustunnar, hvenær hún kæmi upp og hvernig hún yrði uppfærð.

Gunnar Ríkharðsson svaraði fyrirspurnum.

5. Fundarstjóri leitaði eftir því, að þessum dagskrárlið yrði frestað þar til síðar á fundinum og var það samþykkt

6. Kosningar.

Kosinn formaður í stað Rafns Benediktssonar, til þriggja ára og var hann endurkosinn með lófataki.

7. Málum vísað til nefnda.

Magnús Lárusson ræddi um gjaldtöku af þeim sem eru í Hrossaræktarsamtökum V-Hún. Hann vitnaði til fundargerðar síðasta aðalfundar og spurði um afgreiðslu stjórnar á því máli.

Rafn Benediktsson þakkaði traust sér sýnt með því að kjósa sig formann BSVH. Þá fór hann yfir það mál sem Magnús Lárusson hafði gert fyrirspurn um.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga að nefndarskipan á fundinum:

Fjárhagsnefnd:

Sigurður Björnsson.

Kristín Guðjónsdóttir.

Jóhannes Björnsson.

Ólafur B. Óskarsson.

Magnús Lárusson.

Allsherjarnefnd:

Kristján Ísfeld.

Loftur Guðjónsson.

Sigtryggur Sigurvaldason.

Ingvar Jón Jóhannsson.

Gunnar Þórarinnsson.

Búnaðarmálanefnd:

Haukur Stefánsson.

Þorsteinn Sigurjónsson.

Ólafur Benediktsson.

Ásgeir Sverrisson.

Gísli Magnússon.

Kristófer Jóhannesson.

Skúli Einarsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Að því loknu var málum vísað til nefnda og gert fundarhlé til nefndarstarfa kl. 15.15.

8. Að loknum nefndarstörfum var fundi framhaldið og nefndarálit lögð fram.

Frá allsherjarnefnd:

1) Framsögumaður. Sigtryggur Sigurvaldason.

Aðalfundur BSVH haldinn í Hamarsbúð 30.apríl. 2003 skorar á sveitarstjórn Húnaþings vestra að beita sér að fullum þunga að vatnsból og frárennismál í sveitarfélaginu verði komið í viðunandi horf sem allra fyrst.

Ósk kom fram um að fresta umræðu um tillöguna og var svo gert.

2) Framsögumaður. Sigtryggur Sigurvaldason.

Aðalfundur BSVH, haldinn í Hamarsbúð 30.apríl 2003, skorar á stjórn Búnaðarsambandsins að efla félagslega umræðu á svæðinu með það að markmiði að bæta kjör og stöðu bænda.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Frá búnaðarmálanefnd.

4) Framsögumaður Skúli Einarsson.

Aðalfundur BSVH haldinn í Hamarsbúð 30.apríl 2003, hvetur sveitarstjórn Húnaþings vestra til að vinna að áframhaldandi uppsetningu ljósastaura í dreifbýli í héraðinu og að um þetta gildi sanngjarnar reglur er geri ráð fyrir eðlilegum búsetubreytingum.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5) Framsögumaður, Þorsteinn Sigurjónsson.

Aðalfundur BSVH haldinn í Hamarsbúð 30.apríl 2003, skorar á Landbúnaðarráðuneytið að sjá til þess að reglum um bætur fyrir línubryóta verði framfylgt. Bætur greiddar bændum fyrir ákveðinn tíma og eitt látið yfir alla ganga í því efni umyrðalaust.

Tillagan samþykkt samhljóða.

6) Framsögumaður Ólafur Benediktsson.

Aðalfundur BSVH haldinn í Hamarsbúð 30.apríl 2003, skorar á fjallskilastjórnir í sveitarfélaginu að beita áhrifum sínum til að sauðfjárveikivarnir hafi lokið viðhaldi varnargirðinga áður en upprekstur er leyfður.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Frá fjárhagsnefnd:**1) Framsögumaður, Sigurður Björnsson.**

Aðalfundur BSVH haldinn í Hamarsbúð 30.apríl 2003, leggur til að reikningar BSVH og RSVH verði samþykktir eins og þeir liggja fyrir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2) Framsögumaður, Sigurður Björnsson.

Aðalfundur BSVH haldinn í Hamarsbúð 30.apríl 2003, samþykkir að þóknun til formanns fyrir vinnu, notkun á síma, tölvu og aðra aðstöðu sem til þarf verði 5 % af rekstrartekjum kúasæðinga, auk þess kr. 6400 fyrir hvern fund, auk aksturskostnaðar. Þóknun til annarra stjórnarmanna verði kr. 3200 fyrir hvern fund auk aksturskostnaðar. Tillagan samþykkt samhljóða.

3) Aðalfundur Búnaðarfélags Miðfirðinga haldinn í Ásbyrgi 9.apríl 2003, skorar á Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda að veita markvissa bókhaldsaðstoð og rekstrarleiðbeiningar. Fundurinn telur æskilegt að sem flestir bændur vinni sitt bókhald og skattframtal í samvinnu við ráðunautaþjónustuna. Þannig skapast vettfangur fyrir rekstrarleiðbeiningar og gagnasöfnun um búrekstur og afkoma bænda verður áreiðanlegri. (Fjárhagsnefndin gerði tillöguna að sinni tillögu.)

Tillagan samþykkt samhljóða.

4) Aðalfundur BSVH haldinn í Hamarsbúð 30.apríl 2003, samþykkir að fela stjórn að fara yfir lög BSVH varðandi 5.gr vegna innheimtu félagsgjalda, þannig að ljóst verði fyrir næsta innheimtuár. Eftir nokkrar umræður var tillagan samþykkt samhljóða.

5) Áætlun um kúasæðingar árið 2003.

Framsögumaður Rafn Benediktsson.

Rekstrartekjur:		Rekstrargjöld:	
Endurgreidd laun.	716.000	Verktakagreiðsla.	2.800.000
Sæðingargjöld.	1.650.000	Nautastöð, sæði	770.000
Sæðingargjald af mjólk.	1.900.000	Ýmis kostnaður án/vsk	20.000
Framlag á sæddar kýr.	200.000	Rekstrarvörur v/sæðinga	20.000
		Lífeyrisskuldb.frjótækna	50.000
		Sími m/vsk	6.000
		Samtals kr.	3.666.000
		Hagnaður ársins	800.000
Samtals kr	4.466.000	Samtals kr	4.466.000

Áætlunin samþykkt samhljóða.

Þá kom til afgreiðslu tillaga frá allsherjarnefnd, tillaga nr. 1 sem frestað hafði verið afgreiðslu á. Engar breytingar voru gerðar á tillögunni, en við hana bætt eftirfarandi:

Þó skal þess gætt að rekstrarkostnaður fráveitubáttarins fari ekki úr böndum. Þannig var tillagan samþykkt samhljóða.

Þá var tekinn fyrir 5. liður dagskrárinnar sem frestað hafði verið, Skúli Skúlason háskólarektor. Flutti hann erindi um menntun sem byggðamál, kynnti sögu Hólaskóla og starfsemi skólans nú á tímum sem háskóla svo og aðra starfsemi og fræðimennsku sem þar fer fram. Ræddi framtíðarhorfur í eflingu skólans með fleiri námsbrautum, auknum rannsóknum o.fl. Var erindi þetta allt hið fróðlegasta.

9. Önnur mál.

Þorsteinn Sigurjónsson ræddi erfiðleika við kynslóðaskipti á jörðum á svæðinu og hvernig hægt væri að gera þau auðveldari. Einnig ræddi hann möguleika og sóknarfæri í sauðfjárbúskap. Ræddi þörf á að gefa út nýtt héraðsrit í líkingu við ritið Húnaþing sem út kom fyrir um það bil 30 árum.

Ólafur Benediktsson ræddi neikvæð viðhorf og umræðu um landbúnað og því þyrfti að breyta.

Skúli Einarsson þakkaði góðan fund og umræður.

Haukur Stefánsson tók undir orð fyrri ræðumanna að breyta þyrfti umræðu um landbúnað í bjartsýnna horf.

Rafn Benediktsson gagnrýndi frétttaflutning fjölmiðla, einkum Ríkisútvarpsins af landbúnaðarmálum. Ræddi einnig verðlag á framleiðslurétti og hvernig mætti færa þau mál til betri vega. Hann flutti fundarmönnum þakkir fyrir góðan fund.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fundarsetu og óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði síðan fundi slitið.

Fundargerð var upplesin og samþykkt.

Jóhannes Björnsson, ritari (sign)

Ólafur B. Óskarsson, ritari (sign)

Fundargerð aðalfundar BSS árið 2003

Föstudaginn 13. júní 2003 var aðalfundur Búnaðarsambands Strandamanna haldinn í Broddanesskóla.

1. Fundarsetning:

Jóhann Ragnarsson setti fundinn klukkan 13:48 og skipaði Matthías Lýðsson fundarstjóra

Og Rögnvald Gíslason fundarritara.

Fundarstjóri tók til starfa og skipaði Sigurstein Sveinbjörnsson, Mána Laxdal og Reyni Björnsson í kjörbréfanefnd.

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

2. Álit kjörbréfanefndar Máni Laxdal:

Kjörbréfanefnd telur eftirtalda rétt kjörna fulltrúa

Frá Búnaðarfélagi Bæjarhrepps: Sigurður Kjartansson og Máni Laxdal

Frá Búnaðarfélagi Bitru: Rögnvaldur Gíslason varamaður

Frá Búnaðarfélagi Kirkjubólshrepps: Reynir Björnsson og Matthías Lýðsson

Frá Búnaðarfélagi Árneshrepps Hjalti Guðmundsson og Sigursteinn Sveinbjörnsson

:

Enginn mættur frá fjórum félögum. Kjörbréf frá þeim athuguð þegar og ef þeir mæta.

3. Reikningar Búnaðarsambandsins :

Þeim var frestað þar sem að þeir voru ekki mættir á fundinn en voru á leiðinni.

4. Skýrsla stjórnar: Jóhann Ragnarsson

Hann sagði frá þeim fundum sem hann hefur sótt á starfsárinu og öðrum störfum stjórnar.

5. Ávarp búnaðarþingsfulltrúa. Georg Jón Jónsson

Hann sagði frá starfi Norðvesturhópsins sem að heldur fundi til undirbúnings Búnaðarþingi.

Hann sagði frá skýrslu sláturhúsnefndar um hagræðingu í sláturhúsarekstri.

Hann ræddi stöðu á kjötmarkaði. Hann ræddi slæma stöðu Lífeyrissjóðs bænda.

Hann tilkynnti að hann tæki ekki endurkosningu til setu á Búnaðarþingi og þakkaði fyrir sig.

Jóhann tók til máls og tilkynnti að Kristbjörg Lóa Árnadóttir væri hætt störfum sem gjaldkeri og hefði falið Snævari Guðmundssyni að klára reikninga fyrir sig og koma með þá á fundinn.

Snævar Guðmundsson mætti á fundinn meðan á ávarpi búnaðarþingsfulltrúa stóð og var samþykktur sem fulltrúi Búnaðarfélags Nauteyrahrepps.

Þá voru reikningar sambandsins teknir fyrir og fluttir af Snævari Guðmundssyni.

Þeir voru endurskoðaðir af Birni H. Karlssyni með einni athugasemd.

Rekstrarhagnaður var 130.161, kr og eignir kr. 5.992.731,-

Reikningar samþykktir

6. Skýrsla framkvæmdastjóra Ráðunautaþjónustunnar. Gunnar Ríkharðsson

Gunnar fjallaði um störf ráðunautaþjónustunnar. Það hafa verið 6 manns í mismiklu starfi á þremur starfsstöðvum. Helst vantar meiri nautgripaleiðbeiningar. En miðað er við að hlutfall búgreina sé svipað og hlutfall búnaðargjalds af búgreinum. Mikið af námskeiðum hefur verið í vetur. Fréttabréf kemur út mánaðarlega. Hann hvatti til meiri tölvupóstnotkunar.

7. Umræður: Snævar spurði um Jarðræktaráttak sem að hefur verið í gangi í V-Hún. Gunnar svaraði. Jóhann ræddi jarðræktaráttakið og og sauðfjársæðingar og ræddi búfjárefirlit. Hjalti vildi að Árneshreppur yrði ekki sér með búfjárefirlit. Hann ræddi ráðunautaþjónustuna og taldi slæmt ef engin þjónusta yrði á Hólmavík. Jóhann taldi að þyrfti að skoða hvernig búfjárefirliti yrði háttað. Snævar, Hjalti, og Matthías ræddu búfjárefirlit. Matthías þakkaði Georg fyrir störf hans fyrir bændur á svæðinu. Georg ræddi sauðfjáveikivarnir og hvatti til varfærni, hann kynnti álit Norðvesturhópsins á kjötsölumarkaði. Gunnar ræddi sauðfjárveikivarnir. Jóhann ræddi fundi Norðvesturhópsins. Sigurður tók undir álit Norðvesturhópsins á kjötmarkaði. Matthías ræddi um deyfð búnaðarfélaganna og lélega mætingu á fundi. Jóhann og Georg tóku einnig til máls um þetta atriði.

8. Önnur mál

Aðalfundur BSS. haldinn að Broddanesi 13.6 2003 samþykkir að vísa til stjórnar BSS. að skoðuð verði sameining Félags Sauðfjárbænda og Búnaðarsambands Stranda-
manna þannig að félag sauðfjárbænda yrði deild innan Búnaðarsambandsins.

Samþykkt

Brynjólfs Sæmundssonar var saknað á fundinum og var samþykkt að senda honum baráttukveðju með ósk um góðan bata í hans veikindum.

Aðalfundur BSS. haldinn að Broddanesi 13.6 2003 hvetur landbúnaðarráðherra til að koma í framkvæmd skiptingu á þeim 7.500 ærgildum sem ætluð eru til stuðnings á sauðfjárframleiðslu á jaðarsvæðum. Sá dráttur sem orðinn er á skiptingu þessara fjármuna er þegar orðinn málinu til ópurftar.

Samþykkt

Aðalfundur BSS. haldinn að Broddanesi 13.6 2003 samþykkir að beina til stjórnar BSS og Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda að leita að verkefnum og samstarfsaðilum til að tryggja stöðu starfsmanns á Hólmavík.

Samþykkt

9. Kosningar

Rögnvaldur Gíslason lýsti því yfir að hann óskaði eftir lausn frá stjórnarstörfum.

A) Kosning til Búnaðarþings.

Fram kom tillaga um að Jóhann Ragnarsson yrði aðalmaður

Aðrar tillögur komu ekki fram og hún því samþykkt

B) Varamaður til Búnaðarþings. Fram komu tvær tillögur um Rögnvald Gíslason og Guðbrand Sverrisson. Guðbrandur var kosinn með yfirgnæfandi fjölda atkvæða.

C) Aðalmaður í stjórn í stað Rögnvalds Gíslasonar:

Kosning fór þannig Matthías Lýðsson var kosinn með 7 atkvæðum

D) Varastjórnarmaður í stað Guðjóns Jónssonar Tillaga kom fram um Björn Torfason
Aðrar tillögur komu ekki fram og hún því samþykkt.

E) Skoðunarmaður ársreikninga í stað Björns H. Karlssonar.
Hann endurkosinn

F) Varaskoðunarmaður í stað Bjarna Eysteinsonar Tillaga kom fram um Rögnvald Gíslason
Aðrar tillögur komu ekki fram og hún því samþykkt.

G) Varastjórnarmaður í stað Þórðar Halldórssonar til tveggja ára Fram kom tillaga um Snævar Guðmundsson. Aðrar tillögur komu ekki fram og hún því samþykkt.

Jóhann þakkaði traust sem honum var sýnt með kjöri til Búnaðarþings og þakkaði Rögnvaldi Gíslasyni og Kristbjörgu Lóu Árnadóttur samstarfið. Einnig þakkaði hann mönnum fyrir fundarsetuna og málefnalegan fund. Hann þakkaði Georgi fyrir góð störf í þágu bænda í Strandasýslu.

Rögnvaldur þakkaði samstarfsmönnum í stjórn, svo og traustið sem honum hefur verið sýnt.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundarstjóri sleit síðan fundi klukkan 17:56

Samþykktir Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda - 1. jan 2002

1. gr.

Lögheimili og varnarþing Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda er á Höfðabraut 6 Hvammstanga V.-Húnavatnssýslu

2. gr.

Aðild að Ráðunautaþjónustunni eiga eftirtalin búnaðarsambönd:
Búnaðarsamband Strandamanna, Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu og Búnaðarsamband Austur- Húnavatnssýslu.

3. gr.

Ráðunautaþjónustan annast leiðbeiningaþjónustu og faglega fræðslu í þágu landbúnaðarins í Húnavatnssýslum og Strandasýslu með því m.a.:

Að ráða héraðsráðunauta og fagraðunauta er hafa á hendi leiðbeiningar í búfjárrækt, jarðrækt, hag- og rekstrarfræði í samræmi við ákvæði búnaðarlaga.

Að starfrækja starfsstöðvar á Hólmanvík, Hvammstanga og Blönduósi og þar séu starfsmenn til viðtals og þjónustu við bændur á fyrirfram ákveðnum tímum.

Að vinna að öðrum þeim verkefnum sem aðalfundur samtakanna ákveður hverju sinni, enda samrýmast þau verkefni ákvæðum búnaðarlaga og geta stuðlað að betri og hagkvæmari búrekstri á starfssvæði samtakanna.

Umfang Ráðunautaþjónustunnar í hverri búgrein taki mið af skiptingu búnaðargjalds milli búgreina..

4. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Ráðunautaþjónustunar. Hann skal halda árlega og ekki síðar en 15. júlí, en heimilt er að halda aukafund þess utan ef þurfa þykir. Skylt er að kalla saman aukafund ef eitt eða fleiri af þremur aðildarsamböndanna óska þess. Slíka ósk skal bera fram skriflega og vera studd aðalfundar- eða aukafundarsamþykkt þeirra búnaðarsambanda sem bera fram slíka ósk. Aðalfundur skal boða á tryggilegan hátt með minnst 7 daga fyrirvara. Aukafund skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara. Á aðal- og aukafundum gilda almenn fundarsköp.

5. gr.

Aðalfundi skulu sitja með fullum réttindum eftirtaldir fulltrúar:

Stjórn Búnaðarsambands Strandamanna, alls 3 menn,

Stjórn Búnaðarsambands Vestur Húnavatnssýslu, alls 3 menn.

Stjórn Búnaðarsambands Austur Húnavatnssýslu, alls 3 menn

Formaður Félags sauðfjárbænda í Strandasýslu

Formaður Félags sauðfjárbænda í Vestur- Húnavatnssýslu.

Formaður Nautgriparæktarfélag í Vestur- Húnavatnssýslu

Formaður Hrossaræktarsamtaka í Vestur- Húnavatnssýslu

Formaður Félags sauðfjárbænda í Austur- Húnavatnssýslu

Formaður Félags kúabænda í Austur-Húnavatnssýslu.

Formaður Samtaka hrossabænda í Austur- Húnavatnssýslu.

Alls 16 fulltrúar.

Varamenn í viðkomandi búnaðarsambands- og búgreinastjórnnum eru jafnframt varafulltrúar á aðalfund og mæta þar eftir sömu reglum og þeir mæta sem varamenn hjá viðkomandi búnaðarsambandi eða búgreinafélagi.

Á aðalfundi eiga auk þess sæti: Framkvæmdastjóri, skoðunarmenn. Fastráðnir starfsmenn sitji aðalfund og hafi þar málfrelsi og tillögurétt, jafnframt flytji þeir starfsskýrslu.

Fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt.

6. gr.

Formenn viðkomandi búnaðarsambanda eru sjálfkjörnir í stjórn Ráðunautaþjónustunar. Stjórn skiptir með sér verkum. Varamenn þeirra í búnaðarsambandsstjórnnum taka sæti í forföllum aðalmanna.

7. gr.

Formaður Ráðunautaþjónustunnar boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir, þó ekki færri en fjóra á ári. Stjórnarfundur skal boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara. Formaður stýrir stjórnarfundum og er málsvari samtakanna út á við nema stjórn feli öðrum stjórnarmönnum eða starfsmönnum það hlutverk. Stjórn skal halda gjörðabók sem fundarmenn undirrita. Stjórn og/eða framkvæmdastjóri senda fréttir af starfi samtakanna til aðildarfélaganna og bænda eins oft og þurfa þykir. Fundargerðir aðal- og aukafunda svo og stjórnarfunda skal senda aðildarfélögum eins fljót og kostur er.

8. gr.

Stjórn Ráðunautaþjónustunar ræður ráðunauta og aðra starfsmenn. Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra og fer hann þá með daglega yfirstjórn í samræmi við ákvarðanir stjórnar og aðalfundar.

9. gr.

Á aðalfundum Ráðunautaþjónustunar skulu starfa nefndir sem skipaðar séu fulltrúum helstu búgreina á starfssvæðinu og hafa þar það hlutverk að móta tillögur um tilhögun leiðbeininga í hverri búgrein milli aðalfunda.

10. gr.

Tekjur Ráðunautaþjónustunar skulu vera:

- a. Búnaðargjald.
- b. Framlög samkvæmt búnaðarlögum og samningi við Bændasamtökin þar um.
- c. Þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá
- d. Framlög og styrkir frá opinberum sjóðum og stofnunum, svo og frá öðrum aðilum.

11. gr.

Reikningsár Ráðunautaþjónustunnar er almanaksárið. Tveir skoðunarmenn skulu framkvæma venjubundna endurskoðun reikninga. Auk þess skulu þeir kynna sér starfrækslu samtakanna og gera grein fyrir starfi sínu á aðalfundi. Skulu þeir kosnir til tveggja ára í senn. Á fyrsta aðalfundi skulu skoðunarmenn kosnir til eins og tveggja ára.

12. gr.

Tillögur til lagabreytinga skulu auglýstar í fundarboði og skulu hljóta samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða til að öðlast gildi.

13. gr.

Ráðunautaþjónustan hættir störfum ef það er samþykkt í formi lagabreytinga á aðalfundi. Eignir samtakanna skulu þá skiptast á milli aðildarsambanda í sömu hlutföllum og búnaðargjald hefur komið af hverju búnaðarsambandsvæði að meðaltali næstliðin þrjú ár. Þá skal tekið tillit til þess búnaðar sem búnaðarsamböndin lögðu samtökunum til við stofnun þeirra samkvæmt stofnsamningi, að teknu tilliti til fyrninga..

14. gr.

Hvert búnaðarsamband, sem á aðild að Ráðunautaþjónustunni getur, óskað eftir að slíta samstarfinu um næstu áramót eftir að aðalfundur þess samþykkir slíka ákvörðun með minnst 2/3 greiddra atkvæða.

Samþykkt á stofnfundi 15. ágúst 2001.

fh. Bsb. Austur- Húnavatnssýslu

fh.Bsb. Vestur- Húnavatnssýslu

Jón Gíslason

Rafn Benediktsson

fh. Bsb. Strandamanna

Jóhann Ragnarsson

Samkomulag milli Búnaðarsambanda í A-Hún, V-Hún og Ströndum við stofnun RHS

Búnaðarsamband Strandamanna, Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu og Búnaðarsamband Austur-Húnavatnssýslu gera með sér eftirfarandi samkomulag um stofnun Ráðunautaþjónustu Húnaþings og Stranda.

1. gr.

Leiðbeiningaþjónusta búnaðarsambandanna verður sameinuð í einni Ráðunautaþjónustu frá og með 1. janúar 2002. Hin nýja Ráðunautaþjónusta tekur frá og með þeim tíma við öllum leiðbeiningum í búfjárrækt, rekstrar- og hagfræðileiðbeiningum á svæði sambandanna. Umfang leiðbeiningaþjónustunnar skal taka mið af skiptingu búnaðargjalds milli búgreina.

2. gr.

Núverandi eignir, skuldir og skuldbindingar búnaðarsambandanna skulu tilheyra þeim áfram, þó að því undanskildu sem kemur fram í 3. og 5. gr. Á fyrsta starfsári verður unnið að því að skilgreina eftir fögum hverjar eru lífeyrisskuldbindingar búnaðarsambandanna. Niðurstaða liggja fyrir til kynningar á aðalfundum þeirra á árinu 2002

3. gr.

Frá og með 1. janúar 2002 verða fjárreiður og bókhald er viðkemur leiðbeiningaþjónustu í framangreindum fögum, sameiginlegt, svo og það annað sem síðar kann að verða ákveðið að tilheyri rekstri Ráðunautaþjónustunnar.

4. gr.

Lögheimili Ráðunautaþjónustunnar verður á Höfðabraut 6. Hvammstanga. Starfsstöðvar skulu vera á Hólmavík, Hvammstanga og á Blönduósi.

5. gr.

Núverandi skrifstofubúnaður, sem er í eigu búnaðarsambandanna, skal renna til Ráðunautaþjónustunnar. Við stofnun Ráðunautaþjónustunnar og yfirtöku verkefna skal gerð nákvæm skrá á hverjum stað yfir þá hluti sem búnaðarsamböndin leggja til. Hún skal síðan lögð til grundvallar komi til slita á Ráðunautaþjónustunni. Skrá þessi er fylgiblað með samkomulagi þessu. Búnaðarsamböndin eiga þó rétt til afnota af þessum búnaði endurgjaldslaust til félagslegra starfa, að höfðu samráði við viðkomandi starfsmann.

6. gr.

Eigi síðar en 15. ágúst. 2001 skal halda stofnfund Ráðunautaþjónustunnar. Á þeim fundi skal leggja fram tillögur að samþykktum fyrir Ráðunautaþjónustuna. Á fundinn skulu mæta stjórnir viðkomandi búnaðarsambanda, ásamt formönnum stafandi búgreinafélaga á starfssvæðinu.

7. gr.

Formaður Bændasamtaka Íslands eða staðgengill hans setur stofnfundinn og stýrir honum þar til starfsmenn fundarins hafa verið kjörnir.

8. gr.

Auk þess að afgreiða samþykktir fyrir samtökin, afgreiðir fundurinn brýnustu mál er liggja fyrir.

9.gr.

Stjórn tekur þegar til starfa samkvæmt samþykktum og vinnur að ráðningu starfsmanna og undirbýr starfsemina að öðru leyti.

10.gr.

Hvert búnaðarsamband, sem aðild á að Ráðunautaþjónusunni getur, óskað eftir að slíta samstarfinu um næstu áramót eftir að aðalfundur þess samþykkir slíka ákvörðun með minnst 2/3 greiddra atkvæða.

11.gr

Samkomulag þetta er undirritað af formönnum búnaðarsambandanna, með fyrirvara um samþykki aðalfunda viðkomandi búnaðarsambanda á árinu 2001 eða á þar til boðuðum fundum og þarf minnst samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

17. apríl 2001

fh. Bsb. Austur- Húnavatnssýslu

fh.Bsb. Vestur- Húnavatnssýslu

fh. Bsb. Strandamanna

